

REGLUGERÐ

fyrir pósthjónustu.

- 1.0. **VERKSVIÐ PÓSTÞJÓNUSTUNNAR OG GJALDSKRÁ. EINKARÉTTUR**
- 1.1. **Verksvið.**
- 1.1.1. Verksvið pósthjónustunnar er fyrst og fremst að annast flutning og skil á póstsendingum, en þeim má skipta í eftirtalda þrjá höfuðflokka:
- Bréfaþótsendingar (bréf, póstkort, prent, smápakkar og innrituð blöð og tímarit, að því er til flutnings þeirra tekur).
 - Bögglaþótsendingar.
 - Fjármunasendingar (póstávisanir, þar með taldar póströfuávisanir og símapóstávisanir, gíróinnborganir, -útborganir og -færslur).
- 1.1.2. Tilgreina má verð á bréfum og bögglum (verðsendingar) og ábyrgð má kaupa á bréfaþótsendingar (ábyrgðarsendingar). Verðsendingar, ábyrgðarsendingar, böggla og fjármunasendingar eru ævinlega bókfærðar og nefnast því einu nafni bókfærðar sendingar.
- 1.1.3. Auk flutnings og skila á póstsendingum, tekur pósthjónustan að sér ýmis störf, ákvörðuð með lögum, reglugerðum eða samningum, svo sem:
- Innheimtu tolla af tollskyldum póstsendingum.
 - Eftirlit með áætlunarbifreiðum.
 - Inn- og útborgun orlofsjár.
 - Sölu sparimerkja, viðtöku blaða úr sparimerkjabókum og áframsendingu þeirra.
 - Útborganir úr norskum og sænskum póstsparibankabókum.
- 1.2. **Gjaldskrá.**
- 1.2.1. Gjöld þau, sem tekin eru fyrir flutning póstsendinga og aðra þá þjónustu, sem almenningi stendur til boða, eru birt í gjaldskrá fyrir pósthjónustu. Þar eru einnig birt þau ákvæði, sem hverju sinni gilda um það, hversu stórar um sig sendingar megi vera, hversu þungar og hversu háa upphæð megi senda í póstávisunum o. s. frv.
- 1.2.2. Til allra landa annarra en Norðurlanda er almenna burðargjaldið, alþjóða-burðargjaldið, eins fyrir allar póstsendingar, aðrar en böggla. Burðargjöld fyrir böggla til útlanda eru birt í sérstakri pósttaxtabók.
- 1.2.3. Sé óskað eftir flutningi póstsendinga til útlanda flugleiðis, skal að jafnaði greiða sérstakt fluggjald, auk almenna burðargjaldsins. Er það jafnan birt í gjaldskrá fyrir pósthjónustu.
- 1.3. **Einkaréttur.**
- 1.3.1. Pósthjónustan hefur einkarétt til flutnings innanlands og til útlanda á:
- Lokuðum bréfum, hvert sem innihald þeirra kann að vera.
 - Öðrum lokuðum sendingum, er fullnægja skilyrðum til þess að vera veitt viðtaka í póst, að svo miklu leyti sem innihald þeirra er ritaðar orðsendingar eða prent.
 - Spjöldum með rituðum orðsendingum eða prentuðum, útfylltum með skrift.

- 1.3.2. Slikar sendingar, sem koma frá útlöndum og eiga að fara til viðtakenda í landinu eða flytjast áfram yfir íslenskt póstsvaldi eða með póstskipi, skulu þegar í stað afhent íslensku póstpjónustunni.
- 1.3.3. Á þeim stöðum, þar sem hefur verið komið á daglegum bréfaútburði á vegum póstpjónustunnar, má enginn reka sem atvinnu að safna saman, flytja eða bera út bréfaþótsendingar.
- 1.3.4. Póstar, fylgdarmenn þeirra eða samferðamenn, yfirmenn, starfsmenn, skipverjar eða farþegar á póstskipum, vagnstjórar eða farþegar í sérleyfisbifreiðum og bifreiðum, sem hafa undanþágu frá sérleyfi, flugmenn eða farþegar flugvéla, mega ekki flytja sjálfir eða hafa meðferðis bréfaþótsendingar utan pósttösku.
- 1.3.5. Fyrirnefndar sendingar má þó flytja utan pósts, ef þær eru frimerktar samkvæmt gildandi póstburðargjöldum og frímerkinn síðan gerð ógild, þannig að póstpjónustan verði ekki fyrir neinum tekjumissi, þótt þær séu sendar utan pósts, eða þegar einhver flytur sendingar fyrir sjálfan sig eða fyrir mann, sem hann er háður.
- 1.3.6. Útgerðarmenn póstskipa, póstvagna o. s. frv. mega þó nota þessi flutningatæki sín til að flytja bréf og peningasendingar í þágu útgerðarinnar milli sjórnenda og starfsmanna og starfsmanna í milli.

2.0. PÓSTSTÖÐVAR. VIÐSKIPTI VIÐ ALMENNING

2.1. Flokkun póststöðva.

- 2.1.1. Póststöðvum landsins er skipt í fjóra flokka, póststofur, póstafrgreiðslur, póstútibú og bréfhirðingar.
- 2.1.2. Póststofur og póstafrgreiðslur hafa með höndum öll almenn póststörf. Það hafa póstútibú og bréfhirðingar einnig, þó með vissum undantekningum, að því er varðar viðskipti við útlönd. Þá geta bréfhirðingar ekki sjálfar gefið út póstávisanir, heldur verða þær að senda þær ásamt peningunum til póstafrgreiðslu þeirrar, sem þær heyra undir. Símapóstávisanir verða ekki sendar frá bréfhirðingu eða til hennar.
- 2.1.3. Póststöðvar skal jafnan kenna við staði þá þar sem þær eru. Séu fleiri en ein póststöð á sama stað, skal í dagstimpil hvern um sig setja tölustaf eða annað aukenni.

2.2. Afgreiðslutími fyrir almenning.

- 2.2.1. Póst- og símamálastjórnin ákveður hver vera skuli afgreiðslutími fyrir almenning á hverri póststöð. Á póststofum, póstafrgreiðslum og póstútibúum skal birt auglýsing um hann á staðnum.
- 2.2.2. Póstsendingum er veitt viðtaka allan þann tíma, sem póststöð er opin, en sé óskað eftir því, að sending fari með ákveðinni póstferð, verður að skila henni svo löngu á undan burtfarartíma póstsins sem viðkomandi póststöð krefst.
- 2.2.3. Á póststöðvum, öðrum en bréfhirðingum, skal almenningurinn vera vandlega aðgreindur frá öðrum hluta húsrýmisins með afgreiðsluborði eða slíku.
- 2.2.4. Óviðkomandi er stranglega bannaður aðgangur að húsrými því þar sem unnið er við póst.

2.3. Póstkassar.

- 2.3.1. Á öllum póststöðvum, öðrum en bréfhirðingum, skal vera póstkassi, sem tæma ber stuttu áður en póstur fer. Í kaupstöðum og kauptúnnum, skal þar að

auki setja upp póstkassa eftir þörfum og skulu þeir tæmdir eigi sjaldnar en tvisvar á dag. Að jafnaði skal auglýsa á póstkössum, hvenær þeir eru tæmdir.

2.3.2. Einstaklingum og stofnunum er óheimilt að setja upp á almannaþæri póstkassa, sem að lit, lögun og gerð eru áberandi líkir póstkössum póstpjónustunnar.

2.4. Póstleynd.

2.4.1. Enginn, sem er í starfi hjá póstpjónustunni má gefa óviðkomandi aðila vísbendingu um það, hverjir nota póstinn eða hvernig, né heldur veita neinum tækifæri til að verða sér úti um slíka vitneskju. Hann má ekki heldur opna né lesa neitt af því, sem látið er í póst til flutnings. Þagnarskyldan er söm, þótt viðkomandi fari úr þjónustunni.

2.4.2. Dómarar og lögreglustjórar geta í vissum tilvikum að undangengnum úrskurði krafist upplýsinga um notkun póstsins.

2.4.3. Það telst ekki brot á þagnarskyldu, þótt upplýsingar séu gefnar um heimilisföng og pósthólf fólks.

2.5. Viðskipti við almenning. Afgreiðsla.

2.5.1. Póstmönnum ber að sýna almenningi lipurð og kurteisi og veita fúslega allar upplýsingar um burðargjöld, hvernig búa skal um póstsendingar, um útfyllingu eyðublaða, póstferðir o. s. frv. eftir því sem þeim er unnt og svo fremi það brjóti ekki í bága við þagnarskyldu þeirra.

2.5.2. Póstmönnum ber að sjá um, að í afgreiðslurými sé öllu sem haganlegast fyrir komið.

2.5.3. Hirslum, sem í eru peningar, frimerki eða önnur verðmæti, skal afgreiðslumaðurinn ætíð læsa, ef hann þarf að bregða sér frá.

2.6. Viðskipti við almenning. Eyðublöð.

2.6.1. Eyðublöð þau, sem almenningur þarf að nota, skulu jafnan vera fyrirliggjandi á póststöðvunum. Póst- og símamálastjórnin ákveður verð eyðublaðanna, svo og hvort þau skulu látin í té ókeypis.

2.6.2. Á póststofum, póstafrgiðslum og póstútibúum skal að jafnaði liggja frammi, almenningi til afnota, eitt eintak af póstlögum, reglugerð fyrir póstpjónustu, póststöðvaskrá, gjaldskrá, bæjatali, póstnúmeraskrá, póstaétlanabók og leiðabók fyrir sérleyfisbifreiðar. Forstöðumönnum þessara póststöðva ber að sjá um, að bækur þessar séu jafnan leiðréttar í samræmi við tilkynningu póst- og símamálastjórnarinnar á hverjum tíma.

3.0. FLUTNINGUR PÓSTSENDINGA. FORBOÐ.

3.1. Flutningur póstsendinga.

3.1.1. Innanlands eru allar tegundir póstsendinga fluttar með áætlunarbifreiðum, flugvélum, skipum, mjólkurbifreiðum og landpóstum. Hver sá, sem heldur uppi reglubundnum fólksflutningum með sérleyfi eða sérstöku leyfi, er skyldur til að flytja póst milli endastöðvanna og póststöðvanna á leiðinni, sé þess krafist, og láta hann ganga fyrir öðrum flutningi, bæði farþegum og vörum.

- 3.1.2. Milli landa eru allar tegundir póstsendinga fluttar með flugvélum og skipum, og skal póstur ætíð ganga fyrir öðrum flutningi, bæði farþegum og vörum.
- 3.1.3. Póstflutning skulu pósthlytjendur geyma á öruggum stað, og bera þeir á honum ábyrgð frá því þeir taka við honum og þar til ákvörðunarpóststöð hefur tekið við honum úr þeirra hendi athugasemdalaust.
- 3.1.4. Póst- og símamálastjórnin gefur út áætlun um ferðir sérleyfisbifreiða (leiðabók) og sér um að pósthöðvarnar auglýsi almenningi tækifærisferðir og hvað þá sé tekið til flutnings. Þegar brottfarartími sérleyfisbifreiða er auglýstur, er ætíð átt við þann tíma, er þær mega leggja af stað í fyrsta lagi.
- 3.1.5. Póst- og símamálastjórnin gefur út póstaætlanaabók, þar sem upplýsingum um pósthferðir flugvéla, skipa, sérleyfisbifreiða, mjólkurbifreiða og landpósta er safnað saman á einn stað eftir því sem unnt er.
- 3.1.6. Þegar venjulegar leiðir lokast vegna ófyrirsjáanlegra atvika, svo sem hafísa, snjóá og þess háttar, skal leitast við að koma bréfum áfram einu sinni í viku, en heimilt er að geyma flutning á öðrum sendingum, þar til úr rætist.

3.2. Forboð.

- 3.2.1. Ekki eru leyfðar þær bréfaþóstsendingar, sem með umbúnaði sínum geta verið hættulegar fyrir póstmenn, óhreinkað eða skemmt aðrar sendingar eða búnað pósthjónustunnar. Málmkrækjur til þess að loka sendingum mega ekki vera beittar. Þær mega heldur ekki torvela pósthörfin.
- 3.2.2. Óheimilt er að láta eftirtalda hluti í pósthendingar:
- Hluti, sem samkvæmt eðli sínu geta skapað hættu eða valdið skemmdum þeim, sem greinir í 3.2.1.
 - Hluti, sem bannað er að dreifa, eða hluti, sem að ytra útliti bera með sér eitthvað ólöglegt, ósæmilegt eða móðgandi.
 - Hluti, sem hættulegt er að flytja eða geta skemmt aðrar sendingar í póstinum, svo sem sprengihætta hluti, eldfima, eyðandi eða tærandi hluti og efni, t. d. dýnamit, púður, eitrefni (þar með talið ópíum, morfín, kókaín og önnur deyfilyf, nema þau séu send milli viðurkenndra aðila sem læknislyf eða í vísindalegum tilgangi, og þá eingöngu í bögglaþósti) brennisteinssýru, saltpétur o. s. frv.
 - Hluti, sem vegna lögunar eða umbúnaðar samlagast ekki öðrum sendingum í póstinum, né heldur daunilla hluti.
 - Lífandi dýr að undanteknum býflugum, blóðsugum og silkiormum, svo og sníkjum og öðrum lífverum til eyðingar skaðvænlegum skordýrum, sem sendar eru á milli opinberlega viðurkenndra stofnana. Innanlands má senda ánamaðka í bögglaþósti.
 - Auðskemmd líffræðileg efni, nema þau séu send milli viðurkenndra rannsóknastofnana, og greinilega sé merkt, hvert innihaldið sé.
 - Miða, tilkynningar eða auglýsingar frá útlendum happdrættum.
 - Til útlanda, hluti, sem bönnuð er dreifing á eða innflutningur í viðkomandi landi.
 - Klámfenga og ósæmilega hluti.
- 3.2.3. Leiki grunur á, að sendingu beri að vísa frá pósthflutningi má krefjast þess, að sendandi eða viðtakandi opni sendingu í viðurvist póstmanns. Sé kröfunni ekki sinnt, má neita að taka við sendingunni eða fara með hana sem óskila-sendingu, sé hún komin í vörslu pósthjónustunnar. Sé þagað um innihald slíkra sendinga eða rangt frá skýrt, er sendandi bótaskyldur fyrir skaða þeim, er af flutningi sendingarinnar kann að hljóta. Auk þess skal hann sæta sektum.

4.0. **UTANÁSKRIFTIR OG UMBÚÐIR PÓSTSENDINGA.**4.1. **Utanáskrift.**

4.1.1. Utanáskrift skal haga sem hér segir:

- a) Hægri helming framhliðarinnar skal nota fyrir utanáskriftina, áletranir og miða varðandi þjónustuna og fyrir frímerki og áprentanir um greitt burðargjald (í efra hægra horn).
- b) Utanáskriftin skal vera greinilega skrifuð, hægra megin á framhlið sendingarinnar og á langveginn, með latneskum bókstöfum og arabískum tölum.
- c) Ákvörðunarstað skal rita með upphafsstöfum, á eftir eða undan póstnúmeri, ef svo ber undir.
- d) Utanáskriftin verður að vera svo skýr og nákvæm að flytja megi sendinguna og afhenda hana réttum viðtakanda án eftirgrennslana og tvímæla.
- e) Nafn og heimili sendanda, ásamt póstnúmeri og póststöð skal tilgreina annaðhvort aftan á sendingunni eða vinstra megin á framhliðinni þannig, að það hvorki geri utanáskriftina óskýra, né skerði rúm fyrir þjónustu-áletranir og merkimiða.
- f) Á bréfasendingar, sem vegna stærðar sinna og lögunar, kynnu að vera taldar til prentsendinga, skal ritað orðið „bréf“ („lettre“ eigi það að fara til útlanda).
- g) Á sama hátt skal rita á prentsendingar orðið „prent“ („imprimé“ eigi þær að fara til útlanda).
- h) Innan í sendingum skal tilgreina nafn og heimili sendanda og viðtakanda, annaðhvort á innihaldið sjálft eða á merkimiða, sem festa ber tryggilega við það.
- i) Á bréfum og böggjum með tilgreindu verði og ábyrgðarbréfum, sem hafa peninga að innihaldi, skal utanáskrift ævinlega sett á sjálfar umbúðirnar, en ekki á miða límdan á sendinguna.

4.1.2. Sendingar með álímdum eða ástimpluðum merkjum er líkjast frímerkjum eða póststimplum, eru ekki leyfðar.

4.1.3. Sendingar, hvernar tegundar sem eru, þar sem utanáskriftarhliðinni hefur verið skipt í reiti fyrir áframhaldandi utanáskriftir, eru ekki leyfðar.

4.1.4. Séu umbúðir eða innihald þess eðlis, að torvelt sé að setja á sendinguna utanáskrift, áletranir, dagstimpil, frímerki o. s. frv. má nota merkimiða, er sé vandlega festur við sendinguna. Hann má þó ekki vera minni en 90×140 mm.

4.1.5. Sendingar í umslagi með gegnsærri rúðu (gluggaumslagi) eru leyfðar með eftirfarandi skilyrðum:

- a) Milli glugga og efri jaðars umslagsins verður að vera minnst 40 mm bil, og milli glugga og vinstri, hægri og neðri jaðars minnst 15 mm á hverjum stað, eftir því sem unnt er.
- b) Glugginn má ekki vera afmarkaður með lituðu striki eða ramma.
- c) Þegar utanáskrift sendanda er á framhlið, skal hún sett í efra vinstra horn.
- d) Glugginn verður að vera á heilu hlið umslagsins, sem er með loku.
- e) Rúðan verður að vera gerð úr þannig efni og á þann hátt að utanáskriftin sé auðlæs í gegnum hana.
- f) Glugginn verður að vera ferhyrndur og lengri hlið hans samsíða lengri hlið umslagsins þannig, að utanáskrift viðtakanda sjáist í sömu stefnu, og stimplun með dagstimpli verði ekki torvelduð.

- g) Allir jaðrar rúðunnar verða að vera óaðfínnanlega límdir innan á jaðrana á umslaginu, þar sem tekið var úr því fyrir glugganum. Nægilegt rúm verður því að vera milli hliðar- og neðri jaðra umslagsins og gluggans.
- h) Aðeins utanáskrift viðtakanda má sjást gegnum gluggann eða þá að minnsta kosti að skera sig greinilega úr öðrum áletrunum, sem hugsanlega kunna að sjást gegnum gluggann.
- i) Innihald sendingarinnar skal brotið þannig, að jafnvel þótt það skriði til innan í umslaginu, verði utanáskriftin fullkomlega sýnileg gegnum gluggann.
- j) Sendingar í algerlega gegnsæju umslagi, jafnvel þótt með utanskriftarmiða séu, sendingar í umslagi með opnum glugga og sendingar í umslagi með fleirum en einum glugga eru ekki leyfðar.

4.2. Umbúðir.

4.2.1. Um allar póstsendingar skal búa vel og vandlega, einkum þó ef þær eiga að flytjast langa leið og sæta mörgum umskipunum. Einnig ber að taka tillit til, hvers eðlis innihald er.

4.2.2. Sendingar, sem hafa að innihaldi hluti úr brothættum efnum, svo sem gler, ýmis fljótandi efni, feiti, duft, hvort sem það litar frá sér eða ekki, lifandi býflugur, ánamaðka (aðeins leyft innanlands), blóðsugur, silkiorma eða sníkjur, skal búa um sem hér segir:

- a) Hluti úr gleri eða öðrum brothættum efnum skal búa um í öskju úr málmí, víði, harðplasti eða sterkum pappa, er sé fyllt með pappír, spónum eða slíku, sem hindri að hlutirnir rekist saman eða í hliðarnar á öskjunni meðan á flutningi stendur.
- b) Fljótandi efni, olíur og efni, sem auðveldlega verða fljótandi, skulu látin í sérstaka öskju úr málmí, traustum víði eða bárupappa úr sterku efni og stoppað með sagi, þaðmull eða svampkenndu efni, nægilega miklu til þess að drekka í sig vökvann. ef ílátið skyldi brotna. Lok öskjunnar verður að vera þannig fest á, að það geti ekki auðveldlega losnað.
- c) Fituefni, sem verða síður fljótandi, svo sem áburður, blautsápa, harpix o. s. frv., svo og silkiormsegg, sem minni óþægindi stafa af við flutninginn skulu fyrst látin í innri umbúðir, (öskjur, léreftspoka, pergament, plast o. s. frv.), er síðan skal láta í aðra öskju úr víði, málmí eða öðru þykku efni og sterku.
- d) Þurr litarefni, svo sem anílín o. s. frv. er ekki leyft að flytja nema í sterkum þjáturdósum; þessar öskjur skal síðan láta í lérefts-, plast- eða pergamentspoka.
- e) Lifandi býflugur, ánamaðka, blóðsugur og sníkjur, skal loka í öskjum, er sé þannig frá gengið, að ekki stafi hætta af.

4.2.3. Umbúða er ekki krafist um sendingar sem ekki er verslunarvenja að setja í umbúðir, svo sem muni úr tré, málmí o. fl. Þegar svo er, verður utanáskriftin að vera á hlutnum sjálfum eða á merkimiða, sem festa skal rammlega við sendinguna. Merkimiði þessi má minnstur vera 90×140 mm.

4.2.4. Líffræðileg og auðskemmd efni skal búa um sem hér segir:

- a) Líffræðileg og auðskemmd efni, sem eru smáveirur (microorganismes) eða veirur, sem valda sjúkdómum (pathogenes), skulu vera í glasi eða hylki með þéttum veggjum úr gleri eða plasti með þéttu loki, eða í innsiglaðri glerkrukku. Ílátið á að vera algerlega vökvaþétt og lokun þess loftþétt. Vafið skal þéttu ísogandi efni (vökvasogandi vatt, mjúkt ullar-

klæði eða baðmullarflúnnel) margsnúnu um glasið og bundið fast fyrir um báða enda, eins og nokkurs konar kóngul. Þannig umvafið skal ílátíð síðan sett í málmhylki úr sterku efni og vel lokað. Ísogandi efnið milli íláts og ytra hylkis skal vera nægilega mikið til þess að drekka í sig allan vökva, sem er eða kynni að myndast í ílátinu, ef það skyldi brotna. Málmhylkið skal vera þannig gert og þannig lokað, að sérhver smitun frá innihaldinu geti ekki borist á ytra borðið. Skal hylkið síðan vafið baðmull eða öðru svampkenndu efni og síðan látið í kassa eða stökk, er varnar því, að það geti hreyfst til. Þetta varnarílát skal vera úr heilum kubb, holum innan, úr haldgóðu tré eða málmí eða einhverju öðru jafnhaldgóðu efni, með nákvæmu loki og þannig áfestu, að það geti ekki opnast í flutningi. Til þess að tryggja það að efni, sem næm eru fyrir hitabreytingum, haldi sér, skal gera sérstakar ráðstafanir, svo sem þurrkun í frysti eða ískældar umbúðir. Eigi flutningur á þessum sendingum að fara fram loftleiðis, verða umbúðirnar að vera nægilega sterkar til þess að þola breytingar á loftþrýstingi þeim, sem slíkur flutningur hefur í för með sér. Enn fremur skal stökkurinn (eða ytri umbúðirnar, ef svo ber undir) hafa á sömu hlið og utanáskrift efnarannsóknastofunnar, sem sendir og efnarannsóknastofunnar, er við tekur, sem báðar skulu vera opinberlega viðurkenndar, álimdan fjólubláan miða með sérstöku merki og þessum áletrunum:



stærð 62 × 44 mm

- b) líffræðileg og auðskemmd efni, sem ekki eru lifandi, sjúkdómsvaldandi smáverur eða veirur, er valda sjúkdómum, skulu vera settar í vökvaþétt innra ílát og utan um það sett annað ílát til varnar ásamt ísogandi efni, annaðhvort í innra ílátí eða milli innra og ytra íláts. Skal efni þetta vera nægilega mikið til þess að drekka í sig allan þann vökva, sem er eða kynni að myndast í innra ílátinu, ef það brotnar. Enn fremur skal innihald bæði innra og ytra íláts þannig umbúið, að það geti með engu móti haggast eða runnið til. Til þess að tryggja það, að efni, sem næm eru fyrir hitabreytingum, haldi sér, skal gera sérstakar ráðstafanir, svo sem þurrkun í frysti eða ískældar umbúðir. Eigi flutningurinn að fara fram loftleiðis, verða umbúðirnar að vera nægilega sterkar til þess að þola breytingar á loftþrýstingnum, einkum ef efnin eru send í innsigliðum krukum eða glösum með vel festum töppum. Á ytra ílátí eða umbúðum þess skal vera, á sömu hlið og utanáskrift efnarannsóknastofunnar, sem sendir, og efnarannsóknastofunnar, sem við tekur, er báðar skulu vera opinberlega viðurkenndar, álimdur fjólublár miði með sérstöku merki og þessum áletrunum:

MATIÈRES BIOLOGIQUES PÉRISSABLES



stærð 62 × 44 mm

- 4.2.5. Sendingar með geislavirku efni eru leyfðar til flutnings í pósti að fyrirfram gefinni heimild heilbrigðisyfirvalda, enda sé innihald og útbúnaður í samræmi við meðmæli hinnar alþjóðlegu kjarorkumálanefndar og ákvæði alþjóðapóstsamningsins.
- 4.2.6. Umbúnaður póstsendinga með tilliti til athugunar á innihaldi skal vera sem hér segir:
- Prent og blindraprent skal útbúið þannig, að innihald þeirra sé nægilega varið án þess að það þó hindri fljóta og auðvelda athugun á innihaldinu. Það skal vera krossbundið í sívalning, milli pappaspjalda, í umslögum eða opnum hylkjum, umslögum eða hylkjum, sem ekki eru innsigliuð, en lokuð þannig, að auðvelt sé að opna þau og loka þeim og hafi enga hættu í för með sér eða þá vafðar seglgarni, sem auðvelt er að leysa.
 - Póst- og símamálastjórnin getur heimilað lokun prentsendinga, sem póstagðar eru í miklu magni í einu og gefur þá út leyfi þar að lútandi til þeirra notenda, sem um það sækja. Til þess að verða teknar til flutnings gegn prentburðargjaldi, verða sendingar, sem lokað er á þennan hátt, að bera áletrunina „imprimé” (til útlanda) eða „prent” (innanlands) auk viðeigandi leyfisnúmers. Þessar athugasemdir tákna það, að innihaldið hafi verið athugað á réttan og viðeigandi hátt.
 - Prentsendingar, sem póstagðar eru í miklu magni á þann hátt, sem segir í 4.2.6. b, má sem undantekningu frá 4.2.6. a, búa um í lokuðum og gegnsæjum plastumbúðum. Utanáskrift viðtakanda skal sett á utanáskriftarmiða, er sé látinn á eða undir plastið, samhliða lengri hliðinni. Á hvíttri ógegnsærri ræmu, sem sé óaðskiljanlegur hluti umbúðanna og snúi eins og sé sömu megin og utanáskriftarmiðinn, skulu nafn og heimili sendanda vera, áprentun sú um greitt burðargjald, sem ráð er fyrir gert í 5.5.5. svo og áprentaðar áletranir, er geri kleift að tilgreina ástæður fyrir vanskilum og líma nýja utanáskrift viðtakanda ef svo ber undir.
 - Smápakka skal búa um þannig, að auðvelt sé að skoða innihaldið á svipaðan hátt og segir í 4.2.6. a.
- 4.2.7. Sendingar þær, sem frá er greint í 4.2.6. má taka til flutnings, ef þær eru lokaðar með sérstökum limmiða, sem taka má af og láta aftur á. Á miðann skal eftirfarandi athugasemd prentuð: „Opin sending. Má skoðast af pósthjónustunni. Miðann má taka af og láta á aftur”. Sé miði þessi notaður á sendingar til útlanda, þarf auk þess að vera eftirfarandi þýðing á frönsku: „Envoi non clos. Peut être contrôlé par le service postal. Soulever l'étiquette et la replacer”.

5.0. BRÉFAPÓSTSENDINGAR. SÉRÁKVÆÐI UM HVERJA SENDINGARTEGUND.

5.1. Bréf, spjaldbréf, loftbréf, póstkort.

- 5.1.1. Að því tilskildu, að hlýtt sé tilmælum um stöðlun, og ákvæðum um umbúnað, þyngd og stærð, er engra sérstakra skilyrða krafist fyrir lögum eða lokun bréfa. Nægilegt rúm verður þó að vera á framhliðinni fyrir utanáskrift, þjónustuáletranir og -miða, frímerki og dagstimplanir.
- 5.1.2. Bréfapóstsendingar aðrar en bréf (spjaldbréf, loftbréf) og póstkort (þar sem það á við) mega ekki bera utan á sér orðsendingar eða hafa að innihaldi neitt það, er talist geti hreinar persónulegar bréfaskriftir, né heldur innihalda frímerki, hvorki stimpluð né óstimpluð, né nokkurt skjal er vísi til verðs, svo sem happdrættismiða. Spjaldbréf og loftbréf er ekki hægt að senda sem verðsendingar.
- 5.1.3. Spjaldbréf er pappírsörk, eða pappaörk, brotin saman og límd aftur á jöðrum. Geta þau verið hvort heldur með áprentuðu eða álímdu frímerki.
- 5.1.4. Loftbréf er pappírsörk, þunn, ekki þyngri en 4 grömm, samanbrotin og límd á jöðrum. Geta þau verið með áprentuðu eða álímdu frímerki. Hið álímdu eða áprentaða burðargjald skal vera jafnt burðargjaldinu fyrir almennt bréf af fyrsta þyngdarflokki til annarra landa samkvæmt gjaldskrá hverju sinni. Loftbréf eru flutt flugleiðis fyrir þetta gjald hvert á land sem er. Sé eitthvað látið inn í þau, verða þau þó ekki flugflutt. Einkaaðilum er ekki heimilt að búa til loftbréf, nema þeir hafi áður fengið leyfi til þess frá póst- og símamálastjórninni. Loftbréf, sem póststjórnir hinna Norðurlandanna hafa gefið út eða leyft að nota, má taka til flutnings, ef þau eru frímerkt með íslenskum frímerkjum.
- 5.1.5. Póstkort skulu vera ferhyrnd, úr pappa eða stinnum pappír, og skulu þau ævinlega send opin, þ. e. án umbúða eða umslags. Hægri helmingur framhliðarinnar a. m. k. skal ætlaður utanáskrift, frímerki o. s. frv. Ekki má líma eða festa neitt við póstkort, nema það falli algerlega að því. Póstkort, sem ekki uppfylla þau skilyrði, sem sett eru um þá sendingartegund (stærð og gerð), skal farið með sem bréf.

5.2. Prentsendingar.

- 5.2.1. Senda má sem prent það, sem prentað er eða fjölfaldað í allmörgum samskonar eintökum á pappír, pappa eða annað efni, sem vanalegt er að nota í prentiðn, svo framarlega sem þetta er gert vélrænt eða með ljósmyndunar- aðferðum og útheimti notkun myndamóta, prentmóts eða filmu (t. d. blöð, bækur, nafnspjöld, ljósmyndir, alls konar tilkynningar).
- 5.2.2. Gegn prentburðargjaldi má senda:
Handskrifað eða vélritað mál, sem fjölfaldað hefur verið vélrænt, t. d. fjölrítað, ef skilað er við afgreiðsluborð póststöðvar minnst 20 samhljóða eintökum.
- 5.2.3. Sem prent má ekki senda:
- Neitt það, sem vélritað er, hver svo sem gerð ritvélarinnar er (ritvélar, bókhaldsvélar, skýrsluvélar).
 - Afrit, fengin með kalkeringu, handskrift, ritvél, hverrar gerðar sem hún kann að vera.
 - Neitt það, sem gert er með stimplum, hvort sem þeir eru með föstu eða lausu lettri.
 - Pappírsvörur í venjulegum skilningi, þótt með áprentunum séu, þegar

augljóst er, að hinn prentaði hluti þeirra er ekki aðalatriðið, t. d. bréfs-efni og eyðublöð, nema þá eitt og eitt til útfyllingar fyrir viðtakendur.

- e) Filmur, myndsegulbönd, hljómbönd eða -plötur.
- f) Gataðar pappírsmur og rafreiknisþjöld með götum, strikum eða merkjum, sem gætu verið athugasemdir, svo og diska eða segulbönd fyrir tölvur.
- 5.2.4. Sameina má í einni prentsendingu margs konar fjölfaldanir, gerðar með einhverri þeirri aðferð, sem leyfð er, svo framarlega sem þær hera ekki nöfn og heimili mismunandi sendenda og viðtakenda.
- 5.2.5. Á allar prentsendingar má með hvaða aðferð sem er:
- Tilgreina nafn og heimili sendanda og viðtakanda með eða án tillits, atvinnu og stöðu.
 - Tilgreina sendidag og sendistað.
 - Tilgreina raðnúmer eða innritunarnúmer, sem einvörðungu á við um sendinguna sjálfa.
 - Strika út, merkja eða strika undir viss orð eða ákveðinn hluta hins prentaða texta.
 - Leiðrétta prentvillur.
- Allar þessar viðbætur verða að vera í heinum tengslum við efni hins prentaða máls. Þær mega ekki vera þess eðlis, að þær myndi persónuleg skilaboð á dulmáli.
- 5.2.6. Ennfremur er heimilt á eftirtöldum tegundum prentsendinga að tilgreina viss atriði eða bæta þeim við:
- Á pöntunar-, áskriftar- eða tilboðslista, er snerta bókaverslunarvörur, bækur, blöð, kopar- og stálstungur og sönglög: vörutegund, fjölda umbeðinna eða útbeðinna eintaka, verði þeirra, sundurliðun á verðinu, greiðslufyrirkomulagi, útgáfu, nöfnum höfunda og útgefenda, verðlistanúmeri og orðunum heft, pappabundið eða innbundið.
 - Á eyðublöð undir útlánsbeiðnir frá bókasöfnum: heiti bókana, fjölda umbeðinna eða sendra eintaka, nöfnum höfunda og útgefenda, bókaskrárnúmeri, fjölda leyfðra lestrardaga, nafni þess, er óskar að fá bókina.
 - Á prentuð myndaspjöld, prentuð heillaóska- eða samúðarspjöld: almennum kurteisiskveðjum, er séu mest fimm orð eða fimm upphafsstafir.
 - Á prentaðar bækur og listaverk: einfaldri tileinkun í algengum orðum.
 - Á úrklippur úr blöðum og tímaritum: heiti, dagsetningu, tölublaði og utanáskrift blaðsins, sem greinin var klippt úr.
 - Á prófarkir: breytingum og viðbótum, sem snerta prófarkalesturinn, brotið eða prentunina, svo sem „Séð“ „Má prenta“ o. s. frv., er eingöngu lýtur að tilbúningi verksins. Viðbæturnar má setja á sérstök blöð, ef þörf krefur.
 - Á tilkynningar um bústaðaskipti: hinu gamla og hinu nýja heimilisfangi ásamt flutningsdeginum.
 - Á prentuð boðsbréf og fundarboð: nafni þess sem boðinn er, fundarstað, og fundardeggi og -stund.
- 5.2.7. Ennfremur má fylgja með:
- Öllu prenti: Spjald, umslag eða pappírsmura með prentaðri utanáskrift sendandans, og má það vera frímerkt fyrir burðargjaldinu til hans aftur.
 - Prentuðum bókum og listaverkum: Opinn vörureikningur, giró- eða póstaávisunareyðublað, útfyllt eða óútfyllt.
 - Tískublöðum: Útklippt snið er myndi eina heild með blaðinu, sem þau eru send með, samkvæmt upplýsingum í því sjálfu.

5.3. Blindraprent.

5.3.1. Sem blindraprent má senda bréf með blindralettri og prentmót af blindralettri. Sama gildir um hljómuþptökur og sérstakan pappír, sem eingöngu er ætlaður til notkunar fyrir blinda og með því skilyrði, að það sé sent af opinberum, viðurkenndum blindrastofnunum eða til þeirra.

5.4. Smápakkar.

5.4.1. Smápakkar skulu á framhliðinni bera greinilega áletrun, „Smápakki“, „Petit paquet“. Heimilt er að láta í þá opinn reikning, er aðeins innihaldi nauðsynlegustu atriði, svo og afrit af utanáskriftinni og heimilisfangi sendanda.

5.4.2. Nafn og pósthfang sendanda, ásamt póstnúmeri ef svo ber undir, skal tilgreina utan á sendingunni. Á sendingum til útlanda skal innihaldið sömuleiðis tilgreint á tollmiða (ebl. C-1) límdum á sendinguna. Sé verðmæti innihaldsins meira en sem svarar 300 gullfrónkum, skal sendingunni fylgja tollskýrsla (ebl. C-2), og efri hluti tollmiðans vera límdur á sendinguna.

5.5. Fjöldasendingar.

5.5.1. Heimilt er að gefa afslátt af venjulegu burðargjaldi bréfastösendinga, sem bera á út innanlands og á Norðurlöndum, ef eftirfarandi skilyrðum er fullnægt:

- a) Sendingarnar séu allar eins í lögun og ekki póstagðar færri en 5000 í einu.
- b) Sendingarnar séu ekki þyngri en 200 g hver um sig, og lögun þeirra, stærð og fyrirferð sé ekki meiri en svo, að hægt sé á auðveldan hátt að skila þeim í bréfastö eða bréfarífu hjá viðtakanda.
- c) Þær þurfi ekki að bera út þegar í stað, heldur megi gera það á allt að 10 dögum eftir því sem henta kann að þykja hverju sinni, nema í desember, þá allt að 30 dögum.

5.5.2. Afslátturinn má mestur vera sem hér segir:

a) Utanáskriftarlausar sendingar:

fyrir sendingu að þyngd allt:

að 25 g	25% afsl.
frá 25— 50 g	20% —
— 50— 75 g	15% —
— 75—100 g	10% —
— 100—200 g	5% —

b) Sendingar með utanáskrift, raðað eftir póstnúmerum og götum, eða nánari fyrirmælum viðtökupóststöðvar:


5 000—10 000 í einu	10% afsl.
10 000—15 000 í einu	15% —
15 000—20 000 í einu	20% —
20 000—25 000 í einu	25% —
yfir 25 000 í einu	30% —

Nafn og heimili sendanda verður undantekningarlaust að vera letrað á sendingar þessar.

5.5.3. Sendingar þær, sem greinir í 5.5.2. stafliðunum a) og b) þarf hvorki að frímerkja né dagstimpla, en burðargjaldið greiðist í reiðufé gegn kvittun. Þar skal sundurliða sendingafjölda og burðargjald.

- 5.5.4. Kvittunin er úr sérstakri frumbók, póstkvittunarbók fyrir önnur burðargjöld. Er kvittunin í þríriti, frumritið fær sendandi, eitt eintak fylgir mánaðarreikningi, og eitt eintak verður eftir í bókinni. Í þessa bók skal einnig skrá burðargjöld fyrir póstsendingar, sem ekki eru frímerktar, skv. sérstakri heimild póst- og símamálastjórnar hverju sinni, sbr. 9.8.1.
- 5.5.5. Þeir, sem fá afslátt skv. 5.5.2. skulu láta prenta sérstaka áletrun í efra hægra horn utanáskriftarmegin um, að burðargjald sé greitt, ásamt sérstöku leyfisnúmeri. Áletrun þessi skal vera eins og sýnt er á eftirfarandi mynd:

Myndamóti til slíkrar áritunar skal undantekningarlaust skila til póst- og símamálastjórnar að notkun lokinni.



Leyfi nr.

- 5.5.6. Þeir, sem óska að fá afslátt skv. þessum reglum, skulu sækja um það á sérstöku eyðublaði, sem fá má á póststöðvunum, til póst- og símamálastjórnarinnar.
- 5.5.7. Leyfi samkvæmt 5.5.5. gildir aðeins í eitt skipti, nema sérstaklega sé um annað samið.

6.0. ÁBYRGÐARSENDINGAR. VERÐBRÉF. HRAÐBOÐASENDINGAR.

6.1. Ábyrgðarsendingar.

- 6.1.1. Sendandi bréfaþóstsendingar getur gegn sérstöku gjaldi, auk hins almenna burðargjalds, fengið tekna ábyrgð á sendingunni. Ábyrgðin takmarkast við ákveðna upphæð, skv. gjaldskrá hverju sinni. Ábyrgðarsendingar skulu bera áritunina „Ábyrgð” eða „Recommandé” á vinstri hlið utanáskriftarmegin.
- 6.1.2. Skylda er að kaupa ábyrgð á bréf, sem hafa að innihaldi peninga, handhafa-skuldabréf eða aðrar skuldajátningar, sem eru nýtar handhafa, eða yfirleitt hvers konar skjöl, er vísa til verðs. Ekki mega aðrar bréfaþóstsendingar en bréf innihalda þessa hluti.
- 6.1.3. Ábyrgð fæst ekki keypt á sendingar, þar sem utanáskriftin er að einhverju leyti ófullkomin, svo sem skrifuð með blýanti eða er með fangamarki viðtakanda eingöngu.
- 6.1.4. Sendandi ábyrgðarsendingar á rétt á að fá ókeypis kvittun, viðtökukvittun (ebl. 540), fyrir viðtöku hennar í póst. Heimilt er að láta sendanda sjálfan útfylla hana.
- 6.1.5. Beri ábyrgðarsending merki þess að hafa verið opnuð og síðan lokuð á ný, áður en hún er látin í póst, verður sendandi eða sendimaður hans að staðfesta þetta með undirskrift sinni. Sama gildir, ef ómerkt límbönd eru notuð.

6.2. Verðbréf.

6.2.1. Verðbréf nefnast svo, af því að tilgreina skal verðmæti innihaldsins utan á sendingunni. Auk almenna burðargjaldsins og sérstaks skrásetningargjalds, skal greiða fyrir slíkar sendingar sérstakt tryggingargjald, í hlutfalli við hið tilgreinda verð.

Innanlands eru engin takmörk fyrir upphæð hins tilgreinda verðs, en fyrir sendingar til útlanda gilda mismunandi takmörk, sem pósthöðvarnar veita upplýsingar um.


6.2.2. Ekki er leyfilegt að tilgreina hærra verð á sendingu en sem svarar til hins raunverulega innihalds. Leiki grunur á, að hið tilgreinda verð sé hærra en vera beri eftir innihaldi, má krefjast þess, að sendandi opni sendinguna. Sé því neitað, má ekki taka við sendingunni til flutnings. Komi í ljós, að innihaldið sé mun minna virði en tilgreint var, má því aðeins taka hana til flutnings, að hið tilgreinda verð sé fært til samræmis. Þegar sending er gerð afturreka af þessum ástæðum, á sendandi rétt á að fá ókeypis skriflega yfirlýsingu póstmanns um, hvers vegna henni hafi verið neitað.

6.2.3. Verðupphæð skal tilgreina í íslenskum krónum, efst utanáskriftarmegin. Krónutalan skal tilfærð bæði í tölum og bókstöfum og aurar sem brot úr 100. Verðupphæð má hvorki breyta né stríka út, nema hún sé alveg stríkuð út og skrifuð að nýju staðfest með undirskrift sendanda. Ef í verðbréfi er bæði útlend mynt og innlend, skal útlenda myntin talin til verðs eftir lögskráðu bankagengi. Útlenda mynt, sem ekki er lögskráð, er ekki hægt að senda með tilgreindu verði. Eigi verðbréf að fara til útlanda, skal postmaður breyta hinni tilgreindu upphæð í gullfranka eftir gildandi gengi hverju sinni og rita þá tölu í tölustöfum.


6.2.4. Allar áritanir á verðbréf skal gera með bleki, ritvél eða á annan varanlegan hátt, en ekki með blýanti eða slíku.

6.2.5. Áður en innihaldið er látið í umslagið, skal það sveipað í pappír á þann hátt, að hann haldi fast að innihaldinu á allar hliðar, svo að það leiki ekki laust í umslaginu.

Sé krafist talningar eða staðfestingar á innihaldinu, skal viðtökupóststöðin setja innsigli sitt á bréfið, eitt þegar umslagið er þannig gert, að aðeins tvö innsigli þurfi, en tvö ef þau eru fleiri. Séu umslögin stór, verða innsiglin að vera því fleiri, og skulu þau sett með hæfilegu millibili. Verðbréf skulu í einu og öllu umbúðin þannig, að ókleift sé að komast að innihaldinu án þess að umbúðirnar eða innihaldið beri þess merki.



mynd 4



mynd 5

6.2.6. Til þess að bréf með tilgreindu verði séu tekin til flutnings verða þau að hlíta eftirfarandi skilyrðum:

- Þeim skal vera lokað annað hvort með nákvæmlega eins lakkinnsiglum, með blýinnsiglum eða með öðrum tryggilegum hætti, og sýni sérstakt eins útlitandi merki sendanda.
- Umslögin eða umbúðirnar skulu vera sterk og efnið þannig, að lakkinnsiglin festist algjörlega við þau. Umslög skulu gerð úr einum og sama hlut, bannað er að nota algerlega gegnsæ umslög eða með gegnsærri rúðu.

- c) Ytri frágangur skal vera þannig, að ekki verði farið í innihaldið, án þess að glögg merki um skemmdir sjáist á umslaginu, á umbúðunum eða innsigliunum.
- d) Innsiglin, frimerkin fyrir burðargjaldinu, og miðar er snerta pósthjónustuna skulu sett á bréfið með bili á milli svo að þau verði ekki höfð til að hylja skemmdir á umslaginu eða umbúðunum. Ekki má heldur beygja frimerkin eða miðana yfir jaðra umslagsins eða umbúðanna, þannig að þau hylji jaðarinn. Bannað er að líma á bréf með tilgreindu verði aðra miða en þá, sem koma pósthjórnninni við.
- d) Ef um þær er bundið með snæri og lakkað eins og segir í 6.2.6. a. þarf ekki að lakka snærið sjálft.

6.2.7. Bréf með tilgreindu verði, sem að ytra útliti eru eins og öskjur, skulu til viðbótar hlýta þessum skilyrðum:

- a) Vera úr málm, tré eða plastefni og nægilega sterkar.
- b) Hliðar á trékössum skulu vera minnst 8 mm. þykkar.
- c) Hliðarnar, sem vita upp og niður, skulu klæddar hvítum pappír undir utanáskrift til viðtakanda, tilgreiningu á verðinu og þjónustustimpla. Öskjur þessar skulu innsiglaðar á hinum fjórum hliðarflötum eins og segir í 6.2.6. a, ef nauðsyn krefur. Til þess að tryggja, að ekki verði farið í þær, skal krossbinda utan um öskjurnar með sterku seglgarni óhnýttu og skal yfir báða endana setja lakkinnsigli með sérstöku merki sendanda.
- d) Sendingar, sem skrifað er utan á með fangamarki eingöngu, eða með blýanti, svo og þær, er hafa eitthvað útskafið eða yfirstrikað í utanáskriftinni, verða ekki teknar til flutnings. Hafi slíkar sendingar ranglega verið teknar til flutnings, er skylda að endursenda þær til uppruna-póststöðvar.

6.3. Hraðboðasendingar.

- 6.3.1. Þar sem daglegum útburði bréfaþóstsendinga hefur verið komið á, fást sendingar eða tilkynningar um komu þeirra bornar út til viðtakanda þegar í stað eftir komu þeirra á ákvörðunarpóststöð. Fyrir slíkan útburð með hraðboða greiðir sendandi sérstakt gjald, hraðboðagjald, auk venjulegs burðargjalds. Innrituð blöð og tímarit og fjöldasendingar fást þó ekki bornar út með hraðboða.
- 6.3.2. Á hraðboðasendingu skal letra greinilega orðið „Hraðboði“ eða „Expres“ vinstra megin við nafn ákvörðunarstaðar. Þegar um er að ræða böggla, skal rita það á fylgibréfin.

7.0. PÓSTBÖGGLAR.

7.1. Þyngd, stærð og innihald böggla.

- 7.1.1. Sendingar þær, sem fara að einhverju leyti yfir takmörk þau, sem sett eru um stærð og þyngd bréfaþóstsendinga, teljast bögglaþóstsendingar. Þyngd þeirra og stærð skal vera í samræmi við það, sem á hverjum tíma er tilgreint í gjaldskrá fyrir pósthjónustu.
- 7.1.2. Bögglar, sem eru þyngrir eða stærri en leyfilegt er eða þannig í laginu, að þeir samlagist ekki öðrum bögglum í flutningi (komast ekki í poka), nefnast „rúmfrekir bögglar“. Fyrir þá skal taka 50% viðbótarburðargjald. Sama viðbótarburðargjald verður að greiða fyrir brothætta böggla og böggla, sem fara verður sérstaklega varlega með.

7.1.3. Í böggla má ekki láta lokuð bréf eða innsigliuð, né neina aðra sendingu með áritun til annars en viðtakanda sjálfs. Ekki má heldur tilgreina nema einn einstakling eða fyrirtæki sem viðtakanda böggulsins. Þó má leyfa áritanir eins og hr. A fyrir hr. B o. s. frv., enda er þá gert ráð fyrir því, að A sé viðtakandinn. Leiki grunur á, að í bögglinum sé lokað bréf eða orðsending í lokuðu umslagi til annars en viðtakanda, skal skorað á sendanda eða viðtakanda að opna böggulinn til rannsóknar. Leiði rannsókn í ljós, að slíkar sendingar séu í bögglinum, skal borga undir þær sérstaklega eftir burðargjaldi því, sem um þær gilda. Fari rannsókn fram við viðtöku, skal burðargjaldið greitt einfalt, en fari hún fram við afhendingu, þer að greiða það tvöfalt. Neiti viðtakandi að greiða burðargjaldið, skal fara með sendingarnar sem óskilasendingar.

7.2. Umbúðir. Almenn ákvæði.

7.2.1. Sérhver böggull skal vera umbúinn og lokaður þannig, að svari til þyngdar hans, lögunar og eðlis innihaldsins svo og til flutningsaðferðar og leiðarlengdar. Umbúðir og lokun eiga að vernda innihaldið, svo að það geti ekki skemmt hvorki við hristing né handfjatlanir á leiðinni. Þær skulu einnig vera svo úr garði gerðar, að ómögulegt sé að fara í innihaldið án þess að glögg merki sjáist um verknaðinn.

7.2.2. Sérhver böggull skal vera sérstaklega sterklega útbúinn, ef hann á að:

- a) flytjast langa leið;
- b) sæta mörgum umskipunum og mikilli handfjötlun;
- c) vera varinn fyrir miklum breytingum á hitastigi eða ef um flugflutning er að ræða, fyrir breytingu á loftþrýstingi.

7.2.3. Sérhver böggull skal vera þannig umbúinn og lokaður, að hann geti ekki ógnað heilsu póstmanna, né heldur, ef innihald hans er þess eðlis, geti skaðað póstmennina, sem þurfa að handleika hann, svo og, að hann geti hvorki óhreinkað né skemmt aðra böggla, né heldur búnað pósthjónustunnar.

7.2.4. Sérhver böggull skal hafa á umbúðunum eða umslaginu nægilegt rúm til áritunar þjónustuupplýsinga svo og fyrir stimpla og merkimiða.

7.2.5. Án umbúða má taka við:

- a) Hlutum sem láta má hvern innan í annan eða hluti, sem halda má saman með sterku bandi, með plombum eða lakki fyrir, þannig að úr verði einn böggull, sem getur ekki dottið í sundur.
- b) Bögglum, sem eru úr einu heilu efni, svo sem tré eða málmstykki o. s. frv., sem ekki er verslunarvenja að setja í umbúðir.

7.2.6. Sérhver böggull, sem hefur að innihaldi einhverja neðangreinda hluti, skal umbúinn eins og hér segir:

- a) Dýrir málmur: Umbúðirnar skulu vera öskjur úr sterkum málmum eða viðarkassi að minnsta kosti 1 sentimetri á þykkt séu bögglnir allt að 10 kg. að þyngd og 1½ sentimetri á þykkt séu bögglnir yfir 10 kg. að þyngd eða þá tveir pokar án tvöfaldrar sauma. Séu notaðir kassar úr krossviði, þarf þykktin ekki að vera nema 5 millimetrar, enda séu þá kassahornin styrkt með spöngum.
- b) Hlutir úr gleri eða aðrir brothættir hlutir: Um þá skal búið í öskju úr málmum, viði, stinnu plasti eða sterkum pappa fyllt með pappír, hálmum eða hverju öðru heppilegu varnarefni, sem komi í veg fyrir allan núning eða högg meðan á flutningi stendur annaðhvort milli sjálfra hlutanna eða milli þeirra og hliðanna í öskjunni.

- c) Lagarkenndar vörur og efni, sem auðveldlega verða lagarkennd: Þau skulu lokuð í ílátum, algjörlega þéttum. Hvert ílát um sig skal látið í sérstaka öskju úr málm, viði, stinnu plasti eða vönduðum bylgjupappa og fyllt með sagi, baðmull eða hverju öðru heppilegu varnarefni, nægjanlega miklu til þess að drekka í sig vökvann ef ílátið brotnar. Lokið á öskjunni skal fest þannig, að það geti ekki auðveldlega losnað.
- d) Fituefni, sem ekki er hætt við að verði lagarkennd svo sem húðáburður, blautsápa, trjákvóða o. s. frv. svo og silkiormægg, þar sem flutningur þeirra er minni erfiðleikum bundinn, skulu lokuð í innri umbúðum (öskju, léreftspoka, plasti o. s. frv.), sem því næst skulu látin í öskju úr málm, viði eða hverju öðru efni, nægilega haldgóðu til þess að koma í veg fyrir að innihaldið leki út.
- e) Hlutir sem lita svo sem anilínblátt o. s. frv: Þessir hlutir eru ekki leyfðir nema í öskjum, algjörlega þéttum sem því næst skulu látin í öskju úr viði, haldgóðu plasti eða vönduðum bylgjupappa með sagi eða öðru heppilegu efni til varnar, sem drekkur í sig, milli hinna tveggja umbúða.
- f) Þurrduft, sem lita ekki: Slík efni skulu látin í ílát (öskju, poka) úr málm, viði, haldgóðu plasti eða pappa og þessi ílát skulu síðan látin í öskju úr einhverju ofangreindra efna.
- g) Fjárskot má senda í bögglaþósti innanlands með þeim umbúnaði sem hér segir: Fyrst skal vafið utan um þau 2 mm þykkum pappa, svo þétt, að skothylkin geti ekki runnið til. Þar utanum skal vafið 2 cm þykkum lagi af viðarull eða öðru samskonar efni. Þá skal aftur koma þykkt pappalag svo þétt vafið, að innihaldið hristist ekki eða skrölti laust, en yst skal notaður sterkur umbúðapappír. Böggulinn skal krossreyra með sterku snæri eða seglgarni. Á bögglinum skal vera greinileg áritun „Fjárskot. Varlega”.
- h) Eldfimar filmur og celluloid, unnið og óunnið: Utanáskriftarmegin á umbúðunum skal límdur hvítur miði, er sé mjög áberandi og skulu á hann rituð með stórum, svörtum stöfum orðin: Celluloid. Sé haldið fjarri eldi og ljósi (Celluloid. A tenir loin du feu et la lumière).
- i) Lifandi dýr: Á umbúðir böggulsins og fylgibréf skal límdur merkimiði með mjög greinilegri áritun: Lifandi dýr (Animaux vivants).
- j) Geislavirk efni: Bögglar, sem hafa geislavirk efni að innihaldi, skulu af sendanda útbúnir með sérstökum merkimiða, hvítum að lit, er beri þessa áletrun: Matières radioactives (geislavirk efni) og er miði þessi yfirstríkaður í embættisnafni, sé um að ræða endursendingu umbúða til upprunlands.
- Þar að auki skulu þeir, auk heimilisfangs sendanda og viðtakanda bera greinilega áletrun um endursendingu þeirra, verði þeim ekki komið til skila. Sendanda ber að tilgreina nafn sitt og heimilisfang innan á umbúðirnar auk innihalds böggulsins.
- k) Bögglum, sem hafa að innihaldi efni sem nefnd eru í 7.2.6. h og j, er ekki veitt viðtaka til útlanda nema umræddir hlutir séu leyfðir til flutnings af öllum póststjórnunum, sem taka þátt í flutningi böggulsins.

7.2.7.

Áfengissendingar frá Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins (aðalverslun og útibúum) skulu, sem undantekning frá 7.2.6. c teknar til flutnings í þeim umbúðum, sem verslunin leggur til, greinilega merktar. „Brothætt. Varlega”.

7.3. Umbúðir. Sérákvæði um verðböggla.

7.3.1. Sérhver böggull með tilgreindu verði er háður neðangreindum sérstökum reglum, að því er tekur til umbúnaðar:

- a) Um peningaseðla skal sveipa sterkum pappír, sem á allar hliðar lykur fast um innihaldið. Síðan skal láta utan um sterkan umbúðapappír og brjóta þannig, að pappírinn leggist saman aftan á bögglinum. Böggulinn skal síðan reyra með sterku snæri eða seglgarni, óhnýttu, og skal því brugðið í hnút á miðjum bögglinum, fyrst utanáskriftarmegin og síðan aftan á bögglinum.
- b) Böggullinn skal innsiglaður með einu eða fleiri eins gerðum lakkinnsglum, blýinnsglum eða á annan tryggilegan hátt, með sérstakri áprentun eða merki sendanda. Á einum og sama böggli má aðeins nota eina samskonar áprentun eða eitt samskonar merki. Sé um að ræða böggul lokaðan með seglgarni, má loka honum með einu blýinnsgli eða lakkinnsgli, er sé komið þannig fyrir, að hvorki sé unnt að leysa seglgarnið né nema brott án þess að ummerki um athæfið sjáist.
- c) Lakkinnsgli eða önnur innsigli, svo og allskonar merkimiðar og frímerki, ef svo ber undir, sem límd eru á böggla, skulu sett á með innbyrðis millibili, til þess að ekki sé hægt að nota þau til þess að hylja hugsanlegar skemmdir á umbúðunum. Merkimiða og frímerki má heldur ekki líma þannig á böggla, að þau þeki jaðar hans.

Miða með utanáskrift, má ekki líma á verðböggla, nema upphæð hins tilgreinda verðs sé lægri en sem nemur 1000 gullfrönkum og stærð miðans sé ekki meiri en $15 \times 10,7$ cm.

- d) Á böggul og fylgibréf skal líma ljósrauðan miða, með áletruðum bókstafnum „V”, nafni upprunapóststöðvar, og raðnúmeri böggulsins. Merkimiðinn skal limdur á böggulinn utanáskriftarmegin og í námunda við hana. Heimilt er þó að nota venjulegan merkimiða, ef honum fylgir ljósrauður miði með orðunum „Valeur déclarée” letrað með feitu lettri.
- e) Verðupphæðin skal tilgreind í íslenskri mynt og skrifuð af sendanda á böggulinn og fylgibréfið, með latnesku letri í bókstöfum og arabískum tölum, án útpurrkunar eða yfirstrikunar, jafnvel þó að staðfest sé. Upphæð hins tilgreinda verðs má ekki rita með blýanti eða blekblýanti.
- f) Upphæð hins tilgreinda verðs skal breytt í gullfranka af sendanda eða sendipóststöð eigi sendingin að fara til útlanda. Skal breytingin hækkuð upp í heilan gullfranka ef með þarf, skrifuð í tölum við hliðina á eða undir þeim tölum, er sýna upphæðina í íslenskri mynt. Upphæðin í gullfrönkum skal vera undirstrikuð með feitu striki með litblýanti.
- g) Upprunapóststöð ber að tilgreina þyngdina nákvæmlega í kílógrömmum og grammatugum á bögglinum við hlið utanáskriftarinnar og á fylgibréfið á þar til ætlaðan stað, þannig að brot úr grammatugi sé hækkað upp í næsta tug.

7.4. Fylgibréf og önnur skilríki með bögglum.

7.4.1. Böggli, sem skilar er til pósthlutnings, skal fylgja eitt fylgibréf (ebl. 506, innanlands, ebl. 510 til útlanda). Þrjá almenna böggla frá sama sendanda til sama viðtakanda má senda með einu fylgibréfi innanlands.

7.4.2. Bögglum til útlanda verður og að fylgja tollskýrsla (ebl. 512), þar sem ber að tilgreina nákvæmlega hvert innihald böggulsins sé á tungumáli, sem skilst í ákvörðunarlandinu eða á frönsku.

7.4.3. Allar áletranir á fylgibréf og tollskýrslur skal gera með bleki eða ritvél. Fylgibréfið er eign póststjórnarinnar.

- 7.5. **Böggjar, sem ekki verður komið til skila.**
- 7.5.1. Sendandi er skyldur til að mæla fyrir um, hvernig farið skuli með böggulinn, verði honum ekki komið til skila. Fyrirmæli sín skal hann tilgreina bæði á böggli (ebl. 514) og fylgibréfi. Séu engin fyrirmæli gefin, verður böggullinn endursendur á kostnað sendanda.
- 8.0. PÓSTÁVÍSANIR. PÓSTKRÖFUR.**
- 8.1. **Póstávisanir. Útbúnaður.**
- 8.1.1. Hámark það, sem póstaávisun má hljóða á er tilgreint í gjaldskrá fyrir pósthjónustu að því er snertir innlendar póstaávisanir. Um póstaávisanir til útlanda gilda mismunandi mörk, og er upplýsingar um það að finna í pósttaxtabókinni ásamt því, til hvaða landa er heimilt að senda þær. Upphæð póstaávisana til útlanda skal yfirleitt tilgreina í mynt ákvörðunarlandsins. Gjaldleysleyfi þarf til að senda póstaávisanir til útlanda.
- 8.1.2. Undir póstaávisanir má eingöngu nota eyðublöð þau, sem póst- og símamálastjórnin gefur út (ebl. 501, innanlands og ebl. 502 til útlanda) eða eyðublöð, sem hún kann að heimila einstaklingum að útbúa. Eyðublaðið skal fylla út með bleki eða ritvél, og óheimilt er að þurrka út eða strika út hið prentaða eða ritaða mál á þeim.
- 8.1.3. Á afklipping mega sendur rita orðsendingar til viðtakanda. Upphæð innlendra póstaávisana ber að rita á íslensku bæði í tölum og bókstöfum, en útlendra á frönsku, nema um ávisanir sé að ræða til landa, sem ávisanaviðskipti fara fram við eftir listum. Þá tekur viðskiptapóststöðin, Póststofan í Reykjavík, ávisunina upp á sérstakan lista, sem síðan er sendur til viðkomandi lands. Póstaávisanir til Norðurlanda skulu þó ritaðar á dönsku.
- 8.1.4. Símapóstaávisanir (ebl. 508) má senda öllum póststöðvum innanlands öðrum en bréfhirðingum og til útlanda skv. þeim upplýsingum, sem pósttaxtabókin hefur að geyma. Símapóstaávisanir til útlanda ber að rita á frönsku, nema til Norðurlanda á dönsku.
- 8.1.5. Á póstaávisunum skulu aurar færðir sem brot úr hundraði og með tveim tölustöfum þannig, að núll standi á undan tölum upp að tíu.
- 8.1.6. Frímerki fyrir burðargjaldi almennra póstaávisana skulu sett á póstaávisunar-eyðublaðið, en frímerki fyrir burðargjaldi símapóstaávisana á tilkynninguna, nema hún eigi að fara til útlanda, þá á tilkynningarafritið.
- 8.2. **Póstkröfur.**
- 8.2.1. Hámark póstkröfuupphæðar innanlands má vera hið sama og póstaávisunar, en til útlanda geta mörkin verið mismunandi, og er upplýsingar um það að finna í pósttaxtabókinni ásamt því, til hvaða landa megi senda þær. Póstkröfur til útlanda skal tilgreina í íslenskri mynt. Póstkröfur mega innanlands fylgja öllum póstsendingum, og þær má einnig innheimta eftir póstkröfueyðublaði einu saman. Þegar póstkrafa fylgir innrituðu blaði eða tímariti, verður sendingin þó að afhendast sérstaklega í póst. Innheimtur á póstkröfum annast allar póststöðvar.
- 8.2.2. Efst á framhlið sendingar, sem send er gegn póstkröfu, skal sendandi rita orðin „Póstkrafa kr. og upphæðina“, sé um innlenda póstkröfu að ræða, en „Remboursement kr. og upphæðina“, sé um póstkröfu til útlanda að ræða. Síðan skal hann líma á sendinguna sérstakan þríhyrndan miða, gulan að lit, sem póststöðvarnar láta í té. Ústrikanir eða yfirstrikanir á upphæðinni eru ekki leyfðar.

- 8.2.3. Sérhverri póströfusendingu skal fylgja póströfueyðublað (ebl. 505, fyrir innlendan bréfaþóst, ebl. 507 fyrir innlendan bögglaþóst, ebl. 503 fyrir útlendan bréfaþóst, ebl. 503a fyrir útlendan bögglaþóst.). Gæta skal þess að póströfuupphæðin sé nákvæmlega samhljóða við upphæðina á sendingunni, og engar breytingar má gera á henni né útstríkanir.
- 8.2.4. Meðan póströfusending hefur ekki verið innleyst, er sendanda heimilt að hækka eða lækka póströfuupphæðina eða fella hana niður gegn sérstöku gjaldi samkvæmt gjaldskrá.
- 8.2.5. Póströfur skulu innleystar innan 15 daga frá því þær koma á ákvörðunarþóttstöðina. Sendandi getur þó ákveðið lengri innlausnarfrést, allt að 30 dögum, en þá skal þess getið sérstaklega á póströfueyðublaðinu og sendingunni.
- 8.2.6. Þegar póstkrafa fylgir sendingu, skal aldrei líma frímerki á póströfueyðublaðið, heldur á sendinguna eða fylgibréf hennar ef hún er böggull. Frímerki má aðeins líma á póströfueyðublaðið, þegar engin sending fylgir.
- 8.2.7. Póströfusendingar skal afhenda til flutnings á þóttstöð, en finnist póströfusending í póstkassa, löglega útbúin, má taka hana til meðferðar, ef henni er veitt eftirtekt.
- 8.2.8. Póströfur frá útlöndum eru í mynt hlutaðeigandi sendilands og þarf póstmaður því að umreikna þá mynt í íslenskar krónur eftir gildandi innborgunargengi fyrir póstávisanir hverju sinni. Viðtakendur póströfusendinga frá útlöndum verða að framvísa leyfi frá gjaldeyrisbanka, nema um lágar upphæðir sé að ræða og eftir nánari ákvörðun hverju sinni.
- 8.3. **Útgáfa póstávisana.**
- 8.3.1. Þegar upphæð póstávisunar hefur verið innborguð (póstkrafa innleyst), gefur afgreiðslumaðurinn hana út. Hann tölusetur hana með raðtölu eftir útborgunarpóttstöð, t. d. „Nr. 1001 til A”, undirritar hana fullu nafni og dagstimplar. Einnig ógildir hann með dagstimpli öll frímerki, sem á henni eru og á póströfueyðublað stimplar hann í reitinn „Fararstimpill”.
- 8.3.2. Póstávisanir (póströfuávisanir, tilkynningar um útgáfu símapóstávisana) eru sendar útborgunarpóttstöð með fyrstu póstferð, og skal nota hin sérstöku umslög sem til þess eru æfluð (ebl. 535). Áður skulu þær færðar á „Lista yfir innborgaðar póstávisanir (ebl. 570)”, sérstakan fyrir innlendar og sérstakan fyrir útlendar.
- 8.4. **Útborgun póstávisana.**
- 8.4.1. Áður en póstávisun er borguð út, skal póstmaður aðgæta, hvort hún er útfyllt og útgefin skv. settum reglum. Sé einhvers ábótavant í þeim efnum, skal undantekningarlaust endursenda hana ásamt orðsendingu á sérstöku eyðublaði (MP14) um hvað sé að.
- 8.4.2. Sé ekki nægilegt fé fyrir hendi til útborgunar, má fresta útborgun þar til það er fengið.
- 8.4.3. Að útborgun lokinni eru ávisanirnar skráðar á „Lista yfir útborgaðar póstávisanir”, sérstakan fyrir innlendar og sérstakan fyrir erlendar og þeir síðan sendar endurskoðuninni ásamt listanum. Skal það gert eigi sjaldnar en á tíu daga fresti. Símapóstávisanir eru þó geymdar þar til útgáfutilkynning hefur borist í pósti, svo samanburður við skeytið geti farið fram.

8.5. Útborgunargildi póstávísana.

8.5.1. Innlend póstávísun gildir til loka annars mánaðar eftir útgáfumánuðinn, en erlend til loka fyrsta mánaðar. Að þessum tíma liðnum má alls ekki borga slíkar ávísanir út, hvorki sendanda né viðtakanda, en sækja má um framfengingu þeirra til endurskoðunar póstávísana.

9.0. PÓSTGJÖLDIN. GREIÐSLUSKYLDA. GREIÐSLUAÐFERÐIR.**9.1. Greiðsluskylda.**

9.1.1. Að því undanteknu, er segir í 9.6. Gjaldfrjálsar sendingar hér á eftir, skulu burðargjöld og önnur póstgjöld vera að fullu greidd fyrirfram og bera merki þess að svo sé með frímerkjum, stimplum frímerkingarvéla eða öðrum áprentunum, t. d. „Burðargjald greitt“. Innrituð blöð og tímarit þurfa þó ekki að bera neitt slíkt merki um, að burðargjald sé greitt.

9.2. Vanborgaðar og óborgaðar sendingar.

9.2.1. Sé burðargjald vanborgað eða vanti alveg, skal freista þess að ná til sendanda og láta hann borga það, sem á vantar. Reynist það ókleift, skal sendingin send áfram og afhent viðtakanda gegn innlausnargjaldi. Sama gildir, ef einhver hefur samið um það sérstaklega fyrirfram að fá til sín ófrímerktar sendingar, en þá verður sendingin að bera þess merki, t. d. með áletrun „Má láta ófrímerkt í póst“.

9.2.2. Áður en vanborguð sending er send af stað, skal póstmaður árita hana eða stimpla, ofan til á miðri framhlið, með bókstafnum „T“ og skrá burðargjaldið sem á vantar sem teljara í broti, þar sem nefnarinn er burðargjald fyrir bréf af fyrsta þyngdarflokki til annarra landa.

9.2.3. Ákvörðunarpóststöðin innheimtir innlausnargjaldið af viðtakanda og límir frímerki fyrir því á sendinguna og dagstimplar þau. Innlausnargjaldið er fundið með því að margfalda brotið með tölu, sem er jöfn burðargjaldi fyrir bréf af fyrsta þyngdarflokki til annarra landa, auk þóknunar er sé jöfn ábyrgðargjaldi eins og það er á hverjum tíma.

9.3. Frímerki.

9.3.1. Til greiðslu burðargjalda og annarra póstgjalda skal nota frímerki þau, sem póst- og símamálastjórnin gefur út eða ástimplanir frímerkingarvéla, sem hún hefur leyft notkun á. Frímerkin geta bæði verið einstök, eða álimd eða áprentuð á loftbréf og póstkort. Söluverð einstakra frímerkja er hið áprentaða verð þeirra, en söluverð loftbréfa o. s. frv. er nokkru hærra. Sé frímerki með yfirverði (líknarfrímerki), er burðargjaldsgildi þess söluverðið að frádregnu yfirverðinu. Frímerki skulu vera fánleg á öllum póststöðvum. Á bréfhirðingum eru þó aðeins fánlegar algengustu tegundirnar.

9.3.2. Frímerki, sem þegar hafa verið notuð, má ekki nota til burðargjaldsgreiðslu á ný. Sama gildir um ástimplanir frímerkingarvéla. Ekki má heldur nota ógild frímerki eða frímerki, sem eru rifin, yfirstrikuð eða óhrein. Ekkert endurgjald kemur fyrir frímerki, sem um of kunna að vera límd á sendingu.

9.3.3. Óski einhver eftir því að skila frímerkjum, sem hann hefur keypt, má ekki greiða andvirðið í peningum, heldur má skipta þeim við aðrar frímerkja-tegundir af sömu verðupphæð, ef merkin eru hrein og ósködduð. Um slík skipti gilda eftirfarandi reglur:

- a) Frímerki, sem auglýst er, að falli úr gildi frá tilteknum degi, fæst skipt gegn gildandi frímerkjum að kostnaðarlausu, sé það gert innan þess dags, er þau falla úr gildi.

- b) Gildandi frímerkjum geta menn fengið skipt á pósthöðvum, öðrum en bréfhirðingum, gegn þóknun, einum af hundraði af nafnverði þeirra, ef um minna en 50 frímerki er að ræða. Sé um meira magn að ræða verður að sækja um það sérstaklega til póst- og símamálastjórnarinnar. Er henni heimilt að taka gjald fyrir slík skipti, ef úr verður, sem nemur tíu af hundraði af samanlögðu nafnverði frímerkjanna.
- c) Það, sem skakkt hefur stimplast í frímerkingarvél, getur notandi vélarinnar fengið endurgreitt, enda leggi hann fram sjálf umslögin eða annað það, sem stimplað var á, heilt og óskemmt, samanber 9.7.5.

9.4. Alþjóðasvarmerki.

- 9.4.1. Alþjóðasvarmerki fást gegn söluverði því, sem tilgreint er í gjaldskrá fyrir pósthjónustu. Pósthöð, sem selur svarmerki, skal dagstimpla það á þar til gerðum stað. Svarmerki fást innleyst í öllum löndum, og fást fyrir hvert svarmerki frímerki, er svara burðargjaldi undir almennt bréf til útlanda af fyrsta þyngdarflokki frá því landi, þar sem merkin eru innleyst.
- 9.4.2. Alþjóðasvarmerki, sem innleyst eru, skulu dagstimpluð á viðeigandi stað. Gildistími þeirra er ótakmarkaður. Þau skulu sem fyrr segir innleyst fyrir frímerki, er svari til burðargjalds undir almennt bréf af fyrsta þyngdarflokki til útlanda.

9.5. Greiðslur til pósthöðva.

- 9.5.1. Pósthöðvarnar taka ekki við greiðslu í frímerkjum öðruvísi en álimdum á sendingar fyrir burðargjaldi þeirra.
- 9.5.2. Um kaup pósthöðva á tékkum og ávísunum gilda þessar reglur:
 - a) Tékkar, útgefnir af ríkisstofnunum og opinberum embættum, viðurkenndum hönkum (ekki sparisjóðum), Reykjavíkurborg og stofnunum hennar, séu innleystir skilmálalaust og án ábyrgðar fyrir þann starfsmann, sem innleysir þá.
 - b) Aðrir tékkar, sem afhentir eru til greiðslu á því, sem pósthöðvarnar eiga að taka á móti í viðskiptum, skulu innleystir skilmálalaust og án ábyrgðar fyrir þann starfsmann, sem innleysir þá, ef þeir eru innan við hámarksupphæð þá, sem póst- og símamálastjórnin ákveður hverju sinni. Ef þeir eru hærri, skal spyrjast fyrir um innistæðu í bankanum, áður en þeir eru innleystir, og vísa þeim frá, ef innistæða er ekki fyrir hendi. Tékkarnir skulu stílaðir á viðkomandi pósthöð og ekki vera hærri en andvirði viðskiptanna. Alla tékka, sem ekki er hægt að innleysa á staðnum, ber að senda aðalgjaldkera pósts og síma með fyrstu ferð sem fellur.

9.6. Gjaldfrjálsar sendingar.

- 9.6.1. Sendingar, sem sendar eru milli póst- og símhöðva innanlands og milli þeirra og póst- og símamálastjórnarinnar, eru gjaldfrjálsar. Slíkar sendingar skulu áletraðar „Póst- og símamál“, „Póstmál“ eða „Símamál“. Gjaldfrjálsar milli landa eru sendingar milli pósthöðva eða pósthjónna sem og skrifstofu og stofnana alþjóðapóstsambandsins. Skulu þær merktar „Service des postes“. Þessar sendingar lúta ekki hinum almennu ákvæðum um þyngd og stærð o. s. frv., en þær mega þó ekki veða meira en 30 kg. og þær má aðeins senda vegna þarfa sjálfrar þjónustunnar.
- 9.6.2. Sendingar með upphleyptu blindraletri, „Blindraprent“, eru sömuleiðis gjaldfrjálsar innanlands og í skipspósti milli landa.

9.7. Frímerkingarvélur.

- 9.7.1. Í stað frímerkja má nota frímerkingarvél af einhverri þeirri gerð, sem póst- og símamálastjórnin hefur leyft notkun á. Sá, sem hefur frímerkingarvélur á boðstólum, er skyldugur að gæta þess, að vélar þær, sem hverju sinni eru seldar, séu eins og vél sú, sem lögð var fram, þegar leyfið var fengið. Einnig er hann ábyrgur gagnvart póst- og símamálastjórninni fyrir því, að við sölu, viðgerðir og viðhald sé farið eftir reglum þessum og öðrum fyrir- mælum, sem sett kunna að verða.
- 9.7.2. Umsókn um leyfi til notkunar á frímerkingarvél skal senda póst- og síma- málastjórninni, og annast seljandi vélarinnar um það. Leyfi þetta er ófram- seljanlegt. Vélina má ekki taka í notkun fyrir en fulltrúi póst- og símamála- stjórnarinnar hefur skoðað vélina, læst henni og innsiglað. Til þess að frímerkingarvél verði notuð, þarf að kaupa á hana fyllingu eða frímerk- ingarspjald eftir því, af hvaða gerð vélin er. Skal þetta að fullu staðgreitt.
- 9.7.3. Stimpill frímerkingarvélar skal í senn vera frímerkingarstimpill, er tilgreini burðargjaldið, og dagstimpill með nafni viðkomandi póststöðvar, dagsetn- ingu og sérstöku vélar- eða leyfisnúmeri. Afstimplunin skal vera hárauð. Leyfishafa er að auki heimilt að hafa sérstakan auglýsingastimpil, og má hann vera með öðrum lit. Stimpilmót skoðast eign póststjórnarinnar. Leyfis- hafa er skylt að skipta um stimpilmót á sinn kostnað, sé þess krafist, svo sem ef nafn póststöðvar breytist eða stimpilmótið er slitið orðið. Leyfis- hafi ber ábyrgð á, að dagsetning og burðargjald sé rétt. Umbúðir mega ekki vera þannig, að torvelt sé að greina stimpilinn.
- 9.7.4. Afstimplanir skulu settar á sendingar, þar sem mælt er fyrir, að frímerki skuli sett. Stimplun verður að vera greinileg, og skal í því sambandi gæta þess, að stimpillinn sé hreinsaður reglulega og ætíð sé nóg af litarvökva á vélinni. Sé sending þannig í laginu eða innihald hennar slíkt, að hætta sé á, að stimplun verði óskýr, skal annaðhvort stimpla umbúðirnar tómar eða stimpla á límmiða, sem síðan er límdur á sendinguna. Slíkir límmiðar verða þó að bera nafn og heimili sendanda, en stytt má það vera (t. d. sím- nefni). Slíka miða má þó aldrei nota á bréf með tilgreindu verði. Afstimpl- anir, sem klipptar hafa verið af umslögum o. s. frv., má alls ekki nota til frímerkingar.
- 9.7.5. Þegar sendingar, frímerktar með frímerkingarvél, eru póstlagðar, skulu þær vera flokkaðar eftir burðargjöldum. Frímerkingarstimplar, sem ekki hafa verið notaðir eða stimplast hafa um of, eru innleystir með því skilyrði, að stimplarnir séu vel læsilegir og umslögin o. s. frv. séu afhent heil og óskemmd og eigi eldri en mánaðargömul. Stimplanir, sem klipptar hafa verið út, eða stimplanir, sem koma út sem spegilmynd, eru ekki innleystar.
- 9.8. **Áprentun um greitt burðargjald.**
- 9.8.1. Fjöldasendingar og aðrar sendingar, sem póst- og símamálastjórnin heimilar að tekið sé við ófrímerktum gegn greiðslu í reiðufé, sbr. 5.5.4. skulu á þeim stað, sem ætlaður er fyrir frímerki, bera áletrun, eins og eftirfarandi mynd. Undir áritunina skal prenta leyfisnúmer.



Leyfi nr.

10.0. SKIL SENDINGA TIL VIÐTAKANDA.**10.1. Afhendingarhættir.**

10.1.1. Sendingar má afhenda viðtakendum með eftirfarandi hætti:

a) Á pósthólinni sjálfri, er þær eru sóttar.

b) Með útburði af póstsins hálfu á heimili viðtakanda.

c) Með því að láta þær í pósthólf, er viðtakendur leigja á pósthöfðum.

10.1.2. Sending, sem á er ritað „Sækist“, „Poste restante“ eða því um líkt, afhendist aðeins á ákvörðunarpóststöð. Ef vísað er á sendingu til margra, má skila henni hverjum þeirra sem vera skal. Almenn bréfaþótsending, sem ber ekki rétt nafn viðtakanda, er afhent þeim, sem spyr um hana og getur skýrt nákvæmlega frá, hvornig utanáskriftinni er hagað. Ef margir gera kröfu til slíkrar sendingar og geta skýrt nákvæmlega frá utanáskriftinni, er sendingin ekki afhent, heldur farið með hana sem óskilasendingu.

10.1.3. Hafi maður orðið gjaldþrota og bú hans tekið til skiptameðferðar, má afhenda skiptaráðendum, eftir beiðni þeirra, allar lokaðar bréfa- og böggla-sendingar til hans, svo og póst- og póströfuávísanir, nema almenn bréf, sem árituð eru „einkabréf“ eða á annan hátt bera með sér, að þau séu einkabréf. Verði hlutafélag, verslunarfélag, kaupfélag eða hver sú félagsstofnun önnur, sem tilkynnt er til hlutafélagaskrár eða samvinnufélagaskrár, gjaldþrota og tekin til skiptameðferðar, skal eftir kröfu skiptaráðenda skila þeim, er skiptin annast, öllum póstsendingum til hennar.

10.1.4. Sendingar til manna, sem sitja í fangelsi, skal afhenda eftir því, sem reglugerð fangelsisins mælir fyrir, eða þá rannsóknardómaranum. Sendingar skal afhenda dómurum, lögreglustjórum eða öðrum yfirvöldum, sem úrskurða, að þær skuli afhentar sér, og öðlast hafa með sérstökum lögum vald til að kveða upp slíkan úrskurð.

10.1.5. Sendingar til ómyndugra má afhenda þeim, sem að lögum hafa foreldra-eða fjárhaldsrétt yfir þeim. Sendingar til manna, sem látnir eru, skal afhenda þeim, er dánarbúin hafa til meðferðar, nema sending beri það með sér með áritun eða á annan hátt, að hún hafi átt að afhendast viðtakanda persónulega, og er hún þá endursend með viðeigandi skýringu áritaðri á sendinguna sjálfa.

10.2. Útburður póstsendinga.

10.2.1. Á þeim stöðvum, þar sem pósthólin hefur verið komið á fót, eru almennar bréfaþótsendingar, innrituð blöð og tímarit og tilkynningar um ábyrgðar- og verðsendingar, póstaávísanir og böggla bornar út til viðtakenda.

10.2.2. Almennar bréfaþótsendingar teljast löglega afhentar, er bréfberi hefur fengið þær í hendur viðtakanda sjálfum eða einhverjum á heimili hans, eða látið þær í gegnum bréfarífu á íbúðarhurð viðtakanda eða í bréfaþótskassa. Ólögleg telst aftur afhending sendingar, ef bréfberi skilur hana eftir í annarri íbúð, þótt í sama húsi sé, eða biður einhvern fyrir hana, sem býr ekki á sama heimili og viðtakandi.

10.2.3. Bréfberinn skilar póstsendingum af sér í sömu röð og bústaðir viðtakenda liggja í leið hans, nema sérstaklega standi á. Geti bréfberi ekki skilað sendingum, er gerð tilraun til afhendingar í næsta útburði á eftir. Beri sú tilraun ekki árangur heldur, er farið með sendingarnar sem óskilasendingar.

10.3. Uppsetning einkapóstskassa.

10.3.1. Í Reykjavík og annars staðar á landinu, þar sem daglegur bréfaútburður fer fram, getur forstöðumaður pósthöfðvar sett það skilyrði fyrir útburði

póstsendinga í hús á útburðarsvæði póststöðvarinnar, að húseigandi setji upp póstkassa undir þann póst, sem í húsið á að fara. Þó má setja bréfarifur í hurðir íbúða í stað póstkassa, þegar forstöðumaður póststöðvarinnar fellst á það.

- 10.3.2. Gerð slíkra póstkassa eða bréfarifa, svo og staðsetning þeirra, er háð samþykki forstöðumanns hlutaðeigandi póststöðvar.
- 10.3.3. Þess má krefjast, að póstkassar séu settir upp á neðstu hæð stórhýsis fyrir alla íbúa þess eða við hlið eða girðingu húsa, sem ekki liggja að umferðarvegi, eða við veg, vegamót o. þ. l. í útjöðrum bæja eða utanbæjar.
- 10.3.4. Fyrirmæli um uppsetningu póstkassa eða bréfarifa skulu tilkynnt í ábyrgðarbréfi og tiltekinn frestur til uppsetningar.
- 10.3.5. Hljóði húseigandi ekki fyrirmælum þessum innan hins tiltekna frests, og færi hann ekki fram gildar ástæður fyrir því, tekur póst- og símamálastjórnin ákvörðun um, hvort útburði til hússins skuli hætt eða hvort ákvæðum samkv. 22. gr. póstlaga skuli beitt, þ. e. viðtakandi tekinn úr póstsambandi.

10.4. Afhending sendinga í pósthólf.

- 10.4.1. Á vissum póststöðvum geta menn fengið leigð sérstök hólf, sem bréfaþóstsendingum þess, sem leigir, er raðað í, og teljast sendingarnar þar með afhentar og á ábyrgð viðtakanda.
- 10.4.2. Póstsendingum eða tilkynningum um þær, ef svo ber undir, er raðað í hólfín svo fljótt sem unnt er eftir aðgreiningu aðkomins pósts. Í pósthólf skal aðeins láta þær sendingar sem hólfnum er tilgreint á. Forstöðumönnum póststöðva er þó heimilt að víkja frá þessari reglu þegar um viðskiptavinum er að ræða, sem fá að jafnaði mikið magn póstsendinga, enda sé öllum starfsmönnum kunnugt um leigu hans á hólfinu.
- 10.4.3. Leigutaki pósthólfs getur ekki krafist þess, að sendingar til annarra en hans sjálfs séu látnar í pósthólf, og póstmönnum er ekki skylt, nema samþykki hlutaðeigandi forstöðumanns sé áður fengið, að raða bréfum til annarra en leigutaka sjálfs í hólf hans, enda þótt númer pósthólfsins sé ritað á bréfin. Raðist slíkt bréf samt sem áður í hólf, án þess að eftir sé tekið, ber póststöðin eða póst- og símamálastjórnin enga ábyrgð á afleiðingum, sem það kynni að hafa í för með sér.
- 10.4.4. Á meðan leigutaki hefur pósthólf á leigu, fær hann til afnota ókeypis einn lykíl af hólfinu, sem skila ber á póststöðina, þegar leigu er lokið. Vilji leigutaki fá fleiri lykila, verður hann að greiða fyrir þá. Tapi leigutaki lykli, verður hann að kaupa nýjan og að auki kosta þá breytingu á læsingu, sem nauðsynleg er til þess, að ekki verði komist í hólfid með hinum lyklinum, ef leigutaki óskar eftir slíkri lagfæringu. Pósthólf fást ekki opnuð af póstmönnum til afhendingar á pósti úr þeim, nema alveg sérstakar ástæður liggi til þess. Börnum er alls ekki afhentur póstur úr hólfunum.
- 10.4.5. Leigutími pósthólfs er eitt ár í senn. Leigugjald er mismunandi eftir stærð hólfra, og ákveður póst- og símamálastjórnin, hversu hátt það skal vera. Leigugjaldið greiðist fyrirfram og fæst ekki endurgreitt, þótt leigutaki hætti að nota hólfid áður en leigutíminn er útrunninn. Leigutaka er óheimilt að framselja pósthólf til annarra, nema með fengnu leyfi hlutaðeigandi forstöðumanns og þá aðeins fyrir þann tíma, sem leiga er greidd fyrir.

10.5. Afhendingartími póstsendinga.

- 10.5.1. Póstur, sem kemur til ákvörðunarpóststöðvar, skal vera tilbúinn til afhendingar viðtakendum eins fljótt og auðið er. Bréfaþóstur (þar með talin inn-

rituð blöð og tímarit) gengur alltaf fyrir prenti, smápökkum og böggjum, og mega þessar sendingar jafnvel bíða til næsta dags, ef ekki hefur unnist tími til þess að ganga frá bréfa- og blaðapósti.

- 10.5.2. Sé ekki hægt að koma innrituðum blöðum í fyrsta útburð, án þess að tefja eða seinka útburði bréfa, fer afhending blaða fram í næsta útburði á eftir.
- 10.5.3. Hraðboðasending eða tilkynning um hana er afhent viðtakanda eins fljótt og unnt er, og er hún ekki látin bíða hins almenna útburðar póstsendinga úr sömu ferð. Á þeim stöðum, þar sem bréfaútburði hefur verið komið á fót, fást þó slíkar sendingar eða tilkynningar ekki afhentar nema á tíma-
bilinu kl. 8—20 virka daga.
- 10.5.4. Hraðboðasending eða tilkynning um hana er aðeins borin út einu sinni, og takist þá ekki að afhenda hana, telst sendingin ekki lengur hraðboðasending, og fer þá um afhendingu hennar eins og annarra póstsendinga. Hraðboðagjald endurgreiðist ekki.
- 10.5.5. Sendendur póstsendinga geta ekki krafist þess, að sendingum sé komið til skila á tilteknum tíma eða dögum, þótt þeir riti slík fyriræli á sendingar sínar.

10.6. Tilkynningar um komu.

- 10.6.1. Viðtakandi verðsendingar, ábyrgðarsendingar, bögguls, póströfu, pósta-
ávisunar og innlausnarsendingar fær tilkynningu (ebl. 583a, 580, 552) um, að sendingin sé komin á póststöðina, nema útburði slíkra sendinga hafi verið komið á fót í viðkomandi umdæmi. Ennfremur er viðtakanda send til-
kynning um almenna bréfaþóstsendingu, ef hún er þannig á sig komin, að hún samlagast ekki öðrum sendingum í útburði eða ekki er hægt að raða henni í pósthólf vegna stærðar.
- 10.6.2. Tilkynningar þær, sem hér um ræðir, sendast viðtakendum sem fullgreiddar almennar bréfaþóstsendingar. Fyrir tilkynningar er ekkert gjald tekið.

10.7. Afhending gegn kvittun.

- 10.7.1. Verðsendingar, ábyrgðarsendingar, almennir böggjar, póströfusendingar og pósta-
ávisanir (þar með taldar póströfuávisanir og símapóstávisanir) fást aðeins afhentar eða útborgaðar (ávisanir) gegn löglegri kvittun viðtakanda eða umboðsmanns hans. Hafi sendandi gert athugasemd á sendinguna um, að hún afhendist eingöngu viðtakanda sjálfum ber honum að kvitta fyrir sendingunni, og er þá kvittun umboðsmanns ekki tekin gild.
- 10.7.2. Fyrir sendingar til opinberra stofnana skal kvitta samkvæmt gildandi reglum þeirrar stofnunar, sem í hlut á.
- 10.7.3. Fyrir sendingu eða fjármuni til hlutafélags, kaupfélags, verslunarfélags, banka, sjúkrasamlags og þvilkra stofnana, skal kvittað af þeim, sem á hverjum tíma, samkvæmt skriflegri tilkynningu frá forráðamönnum stofn-
ananna til hlutaðeigandi póststöðvar, er veitt heimild til þess að taka við sendingum eða fjármunum í nafni þeirrar stofnunar, sem í hlut á. Sendingar til félaga, sem ekki eru tilkynningarskyld, eru afhentar þeim, sem félags-
stjórn hefur tilkynnt póststöðinni, að megi kvitta fyrir póstsendingum eða getur á annan hátt sýnt fullnægjandi skilríki fyrir því, að hann megi taka við þeim.
- 10.7.4. Sendingar þær, sem nefndar eru í 10.7.1. og fara eiga til manns eða félags, sem orðið er gjaldþrota, afhendist samkvæmt ákvæðum 10.1.3. og 10.1.4. í þessum kafla.
- 10.7.5. Sendingar þær, sem nefndar eru í 10.7.1. og fara eiga til manns, sem látinn er, skal afhenda forráðamönnum dánarbúsins eða skiptaráðanda, nema send-

andi hafi óskað utanáskriftarbreytingar. Skorist forráðamenn dánarbúsins eða skiptaráðandi undan því að taka við sendingunni, telst hún í óskilum og endursendist til upprunastaðar.

- 10.7.6. Sendingar þær, sem nefndar eru í 10.7.1. og fara eiga til manna, sem liggja á sjúkrahúsum eða í sóttkví, og geta þess vegna ekki sjálfir kvittað fyrir sendingunum, skulu afhentar forstöðumönnum sjúkrahússins eða sóttvarnarstöðvarinnar, sem þá kvittar fyrir þeim í umboði sjúklingsins nema þeir hafi gert aðrar ráðstafanir gagnvart pósthólinni um afhendingu slíkra sendinga til sín.
- 10.7.7. Samkvæmt áfengislögum má hvorki afhenda áfengissendingar ölvuðu fólki né unglingum undir lögaldri.

10.8. Skilríki og persónusönnun.

- 10.8.1. Sé verðsending, ábyrgðarsending, póstávisun eða almenn bögglassending sótt af viðtakanda sjálfum, er honum skylt að færa sönnur á, að hann sé sá, sem hann segist vera, ef póstmaður sá, er afhendir, ber eigi kennsl á hann, né kannist við undirskrift hans. Þetta má gera með því, að viðtakandi sýni vegabréf eða nafnskirteini, ökuskirteini eða póstskilríkisspjald eða vottorð manns, sem póstmaður þekkir.
- 10.8.2. Séu sendingar sóttar af sendimanni og póstmaður sá, sem afhendir kannast ekki við undirskriftina, ber viðtakanda að hafa hana vottfesta á kvittunarblaðinu (póstávisun eða fylgibréf) eða láta sendimann sýna vottfasta yfirlýsingu um, að hann megi taka við sendingum og kvitta fyrir þeim í bækur pósthóðvarinnar. Slíkri yfirlýsingu heldur pósthóðin eftir.
- 10.8.3. Til undirskriftar á kvittun má ekki nota firmastimpil eingöngu eða ein-kennisbókstafi.
- 10.8.4. Þegar maður vottar undirskrift, skal hann auk nafns síns einnig rita stöðu og heimilisfang. Sé sá, sem vottar, leigjandi að pósthólfi, er þó nægilegt að setja númer pósthólfsins í stað heimilisfangsins.

10.9. Póstskilríkisspjald.

- 10.9.1. Skilríkisspjald er fullgild heimild heimild til þess að fá afhentar póstsendingar á pósthóð. Skilríkisspjald má sækja um á pósthóðvum, öðrum en bréfhirðingum. Sá er æskir skilríkisspjalds, skal afhenda ljósmynd af sér til þess að líma á skilríkisspjaldið, fæðingarvottorð, og rita þar að auki nafn sitt á spjaldið. Gildistími skilríkisspjalds er samkvæmt ákvæðum alþjóða-póstsamningsins.

10.10. Umboð.

- 10.10.1. Umboð til þess að taka við og kvitta fyrir póstsendingum í nafni viðtakanda sjálfs, skal vera skriflegt, hljóða á nafn ákveðins manns, vera dagsett og undirritað af viðtakanda sjálfum. Í hinu skriflega umboði skal taka fram, hvort það nái til allra tegunda bókfærðra sendinga eða aðeins nokkurs hluta þeirra.
- 10.10.2. Umboð til þess að taka á móti og kvitta fyrir sendingum til opinberrar stofnunar skal gefið af hlutaðeigandi forráðamönnum í embættisnafni, samkvæmt þeim fyrirætlum, er um stofnunina gilda.
- 10.10.3. Umboð má einnig gefa símleiðis. Í skeytinu skal þá, auk umboðsins sjálfs, standa vottorð hlutaðeigandi símamanns, er sendir skeytið, um að frumrit umboðsins hafi verið sýnt honum og undirskrift staðfest af útgefanda sjálfum eða með vottum. Ennfremur skal skeytið bera áritun þess símamanns, er

- sendir skeytið, um að frumrit umboðsins hafi verið sýnt honum og undirskrift staðfest af útgefanda sjálfum, með vottum. Ennfremur skal skeytið bera áritun símamanns, er við því tók, um að það hafi verið samanborið.
- 10.10.4. Frumrit umboðsins geymist hjá pósthöðinni. Vilji viðtakandi póstsendingar afturkalla gefið umboð, skal það gert skriflega til þeirrar pósthöðvar, er geymir umboðið. Eftir beiðni gefur pósthöðin þá ókeypis viðurkenningu fyrir því, að umboðið sé afturkallað.
- 10.10.5. Séu vandkvæði á fyrir hlutaðeigandi að láta frumrit umboðs af hendi við aðrar stofnanir, má pósthöðin láta sér nægja ljósrit eða staðfest afrit af frumritinu, en skyldur er þá umboðsmaður að sýna frumrit, þegar þess er krafist. Þegar frumrit þannig umboðs er sýnt, ritar postmaður dagsetningu á afritið, og þegar afriti er skilað til geymslu, skal postmaður staðfesta það með því að geta þess á frumritinu.
- 10.11. **Útborgun pósthávisana, innlausn á póströfum og ýmsar greiðslur.**
- 10.11.1. Pósthávisanir borgast út á ákvörðunarpósthöðinni. Sé ekki nægilegt fé fyrir hendi, má fresta útborgun, þar til það er fengið.
- 10.11.2. Póströfusendingar eru ekki afhentar viðtakendum, nema þeir greiði um leið þá upphæð, sem hvílir á sendingunni. Hafi sendandi póströfusendingar gefið fyrirmæli, meðan sendingin er í vörslu pósthjónustunnar, um að afhenda hana án innheimtu póströfuupphæðar eða gegn annarri upphæð en á henni stendur, er það þó gert.
- 10.12. **Geymslutími sendinga.**
- 10.12.1. Geti ákvörðunarpósthöð ekki afhent sendingu vegna skakkrar eða ófullnægjandi utánáskriftar eða af öðrum ástæðum, t. d. vegna þess að viðtakandi neitar að taka við henni, er dáiinn eða fluttur burtu án þess að vitað sé, hvar hann er niður kominn, skal sendingin ekki geymd á pósthöðinni lengri tíma en með þarf til þess að ganga úr skugga um, að henni verði ekki komið til skila. Sé ekki annað tekið fram í þessari grein, skal sending, sem þannig er ástatt um, að jafnaði ekki geymd lengur en mánuð að telja frá næsta degi eftir komu hennar til ákvörðunarpósthöðvarinnar.
- 10.12.2. Sending, sem á er ritað, að skuli geymast þangað til hennar verði vitjað, skal geyma viðtakanda allt að 3 mánuðum að telja frá næsta degi eftir komu hennar til ákvörðunarpósthöðvarinnar.
- 10.12.3. Póströfur eru geymdar viðtakanda til innlausnar í 15 daga að telja frá næsta degi eftir komu þeirra til ákvörðunarpósthöðvarinnar. Sé póströfusending árituð „Poste restante“, má hún geymast allt að 30 daga og sömuleiðis, ef sendandi hefur með áritun á sendinguna sett þennan geymslufrest. Hafi sendandi póströfusendingar óskað breytingar á póströfuupphæðinni, reiknast geymslutími að nýju jafnlangur, að telja frá næsta degi eftir að ákvörðunarpósthöðin hefur fengið beiðnina um breytinguna.
- 10.12.4. Sendandi póstsendingar getur ákveðið styttri geymslutíma fyrir sendinguna en hér er tiltekið, og ber honum þá að rita það á sendinguna og sömuleiðis á fylgibréfið, þegar um böggla er að ræða.
- 10.12.5. Þegar sending er áframsend, telst geymslutími hennar frá þeim degi, er hún kemur til hinnar nýju ákvörðunarpósthöðvar. Sé um að ræða áframsendingu milli pósthöðva á sama staðnum, reiknast þó enginn geymslutími að nýju.
- 10.12.6. Sending sem ekki er hægt að afhenda viðtakanda innan hins tiltekna geymslutíma, telst óskilasending.

11.0. ÓSKILASENDINGAR.**11.1. Meðferð óskilasendingar á ákvörðunarpóststöð.**

11.1.1. Svo má álíta, að póstsendingu verði ekki komið til skila:

a) Þegar viðtakandi skorast undan að taka við henni.

b) Þegar viðtakandi finnst ekki.

c) Þegar sending hefur legið á pórstöðinni lögboðinn tíma, án þess að vera sótt, þrátt fyrir tilkynningu um komu hennar.

11.1.2. Sending endursendist viðtökupóststöðinni til afhendingar sendanda, ef heimilisfang hans er á sendingunni, annars sendist hún til pórstofunnar í Reykjavík. Þegar um er að ræða bókfærða sendingu, að undanteknum póströfuávisunum, skal ákvörðunarpóststöðin, áður en hún endursendir hana, láta viðtökupóststöðina spyrja sendanda um, hvort hann geti veitt nánari upplýsingar um viðtakanda. Geti sendandi gert það, og vilji hann láta pósthjónustuna taka upplýsingar sínar til greina, skal hann greiða undir þær sama gjald og undir einfalt almennt bréf, og verða þær þá sendar ákvörðunarpóststöðinni með fyrstu póstferð. Að öðrum kosti skoðast sendingar sem komnar í óskil.

11.1.3. Á sendingar, sem ekki verður komið til skila, skal jafnan rita ástæðuna fyrir því. Í því skyni má nota sérstaka miða (ebl. 675). Viðtakandi, sem neitar að taka við sendingu, getur sjálfur ritað neitunina á sendinguna, en engar aðrar athugasemdir má hann rita á hana, og sé það gert, skal strika yfir þær á pórstöðinni, svo þær verði ekki læsilegar. Hafi viðtakandi eigi ritað sjálfur á sendinguna, að hann neiti móttöku, skal það gert á pórstöðinni sem átti að afhenda sendinguna.

11.1.4. Póstávisun, sem ekki verður komið til skila, sendist endurskoðun pósts og síma, Reykjavík. Þangað skal einnig senda póstávisun, sem hægt er að koma til skila, ef gildistími hennar er runninn út.

11.2. Meðferð vissra óskilaböggla.

11.2.1. Hafi óskilaböggull eitthvað það að innihaldi, sem liggur undir skemmdum, skal ákvörðunarpóststöðin þegar í stað koma innihaldinu í peninga á sem hagkvæmastan hátt. Sé af einhverjum ástæðum ekki hægt að selja innihaldið, skal það eyðilagt. Frá andvirði hins selda dragast gjöld þau, sem kunna að hafa hvílt á bögglinum, svo og kostnaðurinn við að koma honum í peninga. Afgangurinn sendist sendanda böggulsins, að frádregnu burðargjaldi. Að öðru leyti skal í einu og öllu fara fyrir mælum þeim, er sendandi hefur gefið á fylgibréfi.

11.3. Endursending óskilasendinga til sendanda.

11.3.1. Óskilasending, sem endursend hefur verið til upprunapóststöðvar til afhendingar sendanda, skal afhent eftir sömu reglum og gilda um venjulega afhendingu til viðtakanda. Sé endursendur böggull ekki sóttur á pórstöðina innan 7 daga að telja frá deginum eftir komu hans þangað, skal sendandi greiða geymslugjald eftir þann tíma.

11.3.2. Þegar póststöð, sem óskilasending hefur verið endursend til, hefur gengið úr skugga um, að sendingunni verði ekki komið til sendanda, sendir hún hana til pórstofunnar í Reykjavík. Póstávisun má þó ekki senda seinna en um það bil, að gildi hennar er að renna út. Aðrar sendingar skal senda í síðasta lagi mánuði eftir komu þeirra á póststöð sendanda.

11.4. Bann gegn póstmeðferð á sendingu að nýju.

11.4.1. Þegar húið er að afhenda sendanda endursenda póstsendingu eða tilkynningu um, að hann eigi slíka sendingu, er ekki hægt að taka hana til póstmeðferðar að nýju, jafnvel þótt burðargjaldið sé greitt, nema sendingin sé sett í nýjar umbúðir.

11.4.2. Sending, sem afhent hefur verið viðtakanda, getur ekki sætt póstmeðferð að nýju, nema áframsending sé leyfð.

11.5. Lokameðferð óskilasendinga.

11.5.1. Sending, sem hvorki hefur verið hægt að afhenda viðtakanda né endursenda sendanda er opnuð í votta viðurvist af þeim starfsmönnum, sem póst- og símamálastjóri hefur tilnefnt.

11.5.2. Verði hægt að komast að því, hver sendandi sé, með því að opna sendingu, er hún send honum. Fáist engar upplýsingar á þennan hátt um sendanda, eða reynist ógerlegt að ná til hans, eru sendingar, sem geyma reiðufé eða aðra muni, er meta má til verðs, teknar í geymslu, en aðrar sendingar eyðilagðar undir umsjá þeirra, er hafa opnað þær.

11.5.3. Þegar almenn innlend póstávísun (ekki póströfuávísun) lendir í óskilum, or er send endursöðuninni vegna þess að gildi hennar er runnið út, endurnýjar skrifstofan gildi hennar, og býður sendanda upphæðina.

11.5.4. Hafi sendinga þeirra, sem getið er í 11.5.2. og hafa verið teknar í geymslu, ekki verið vitjað innan árs frá þeim tíma að þær voru póstlagðar, skal auglýsa þær í Lögbirtingablaðinu. Vitji þeirra enginn innan þriggja mánaða frá auglýsingu skal selja þær til hagnaðar fyrir póstsjóð samkvæmt 24. grein póstlaganna.

12.0. ÝMIS AUKAÞJÓNUSTA.**12.1. Móttökukvittun.**

12.1.1. Sendandi ábyrgðarsendingar, verðsendingar, bögguls, útborgunarseðils eða póstávísunar getur gegn sérstöku gjaldi fengið kvittun á sérstöku eyðublaði (ebl. 556) fyrir því, að sendingin hafi verið afhent (borguð út). Kvittunin er undirrituð af þeim, sem kvittar fyrir móttöku sendingarinnar, og póstmanni þeim, sem afhendir. Eyðublaðið skal fest við sendinguna, en ekki skal telja það með þyngd sendingarinnar. Á sendinguna skal rita stafina AR. Sé um símapóstávisanir að ræða, skal setja stafina AP í skeytið, og annast móttökupóststöðin þá um að útbúa eyðublaðið og senda það póstleiðis aftur til sendanda.

12.1.2. Móttökukvittun er endursend án umbúða og viðtakanda að kostnaðarlausu.

12.2. Frankóseðlar.

12.2.1. Sendandi ábyrgðarsendingar eða bögguls til ýmissa landa getur gegn sérstöku gjaldi tekið að sér að greiða sjálfur öll gjöld, bæði póstgjöld og t. d. tolla, sem lögð kunna að verða á sendinguna í ákvörðunarlandinu. Slíkum sendingum skal fylgja frankóseðill (ebl. C3/CP 3), og á sendinguna skal lefra „Franc de taxes et de droits”. Heimilt er sendipóststöð að láta sendanda setja tryggingu fyrir greiðslu þessara gjalda.

12.2.2. Seðillinn er í tveimur hlutum, og kemur annar hlutinn aftur með gjöldunum sundurliðuðum. Upphæðinni er breytt í íslenskar krónur eftir gildandi innborgunargengi póstávísana og hún síðan innheimt af sendanda, sem fær afklippinginn.

- 12.2.3. Sé óskað eftir gjaldfrjálsri sendingu, eftir að sendingin hefur verið póstlögð, skal sendipóststöðin senda seðilinn í frímerktu ábyrgðarbréfi ásamt orðsendingu til ákvörðunarpóststöðvarinnar. Kostnaðinn greiðir sendandi.
- 12.3. **Breyting á utanáskrift. Afturköllun sendingar.**
- 12.3.1. Meðan sending er í vörslu póstþjónustunnar, getur sendandi gert breytingar á því, sem hann hefur ákveðið um hana áður, látið breyta utanáskriftinni eða afturkalla hana úr póstinum. Beiðni um afturköllun sendingar eða utanáskriftarbreytingu á henni skal senda viðtökupóststöðinni. Skal hún gerð skriflega á eyðublað, sem ætlað er til þessa (ebl. C 7 og MP 4) og fæst á póststöðvunum. Eitt og sama eyðublað má nota undir margar sendingar, settar í póst samtímis á sömu póststöð, frá sama sendanda til sama viðtakanda. Þegar um bréf er að ræða, skal fylgja beiðninni fullkomin líking af umslagi eða utanáskrift sendingarinnar. Sé sá, sem beiðnina sendir, ekki kunnugur póstmönnum á póststöðinni, skal hann færa sönnur á, hver hann sé, á sama hátt og krafist er við afhendingu verðsendinga.
- 12.3.2. Þegar beðið er um utanáskriftarbreytingu á sendingu, sem ekki er farin af stað frá póststöðinni, skal breytingin framkvæmd þar og helst af sendanda sjálfum. Beiðni um breytingu utanáskriftar eða afturköllun sendingar, sem farin er af stað frá viðtökupóststöðinni eða ekki er hægt að ná út úr póstflutningnum áður en hann fer af stað, má senda póstleiðis eða símleiðis eftir ósk sendanda. Símlleiðis skal jafnan senda beiðnina til ákvörðunarpóststöðvarinnar, þegar fullvíst þykir, að beiðnin nái ekki í tæka tíð að öðrum kosti. Kjósi sendandinn, að slík beiðni sé send póstleiðis, skal hann greiða fyrir hverja beiðni gjald samkvæmt gjaldskrá. Eigi beiðni að sendast símleiðis, greiðir sendandi símskeytagjald. Varði beiðni breytingu á utanáskrift bögguls eða afturköllun hans, er sendandi skyldur til að ábyrgjast greiðslu á hinu nýja flutningsgjaldi hans.
- 12.3.3. Þegar afhenda á sendingu, sem hefur verið afturkölluð, verður sendandi, sem við henni tekur, að sanna heimild sína til hennar, á sama hátt og þegar um er að ræða afhendingu ábyrgðarsendinga, nema nafn sendanda standi á sendingunni eða hann geti sýnt kvittun póststöðvarinnar fyrir því, að hann hafi skilað sendingunni til flutnings. Þegar svo ber undir, skal sendandi kvitta fyrir móttöku sendingarinnar á venjulegan hátt.
- 12.3.4. Þegar innanríkissending er afturkölluð, er sendanda ekki endurgreitt burðargjaldið, nema þegar svo sérstaklega stendur á, að sendingin er ekki farin af stað frá ákvörðunarpóststöðinni. Þá skal endurgreiða sendanda burðargjaldið sjálfst, en ekki önnur gjöld, sem á sendingunni hafa hvílt. Þegar um einfalda leiðréttingu á utanáskrift er að ræða (án breytingar á nafni eða titli viðtakanda), getur sendandi sent beiðni sína beint til ákvörðunarpóststöðvarinnar, og koma þá fyrirmæli þessarar greinar ekki til álita.
- 12.4. **Breyting póströfuupphæðar.**
- 12.4.1. Meðan póströfusending er í vörslu póstþjónustunnar, getur sendandi beðið um, að sending sé afhent viðtakanda án greiðslu póströfuupphæðar eða gegn greiðslu annarrar upphæðar (hærri eða lægri) en á sendingunni stendur. Beiðnir um afnám eða breytingu á póströfuupphæð má senda bæði póstleiðis og símlleiðis, og gilda um þær sömu reglur og nefndar eru í 12.3. um utanáskriftarbreytingar og afturköllun.
- Þegar slík beiðni er send póstleiðis, skal nýtt póströfueyðublað fylgja beiðninni og nýtt fylgibréf, þegar um bögglapóstsendingu er að ræða.

12.5. Áframsending.

- 12.5.1. Hafi viðtakandi skipt um bústað, má senda sendinguna áfram til hans til annarrar póststöðvar, hafi hún ekki verið afhent á ákvörðunarpóststöðinni. Áframsending póstkröfusendingar getur þó ekki fengist, ef geymslutími sá, sem ákveðinn er fyrir umrædda sendingu, er liðinn áður en beiðst er áframsendingar. Venjulega almenna bréfaþóstsendingu má senda áfram, þótt búið sé að afhenda hana af ákvörðunarpóststöðinni, að því tilskildu, að sendingunni sé skilað aftur á póststöðina, sem afhenti hana, óbreyttri að öðru leyti en því, að breytt sé um heimilisfang og ákvörðunarpóststöð. Hafi póststöðin aftur á móti — einkum þegar um prentsendingar er að ræða — grun um, að breyting hafi verið gerð á sendingunni eða um áframsendingu sé beðið í öðrum tilgangi en þeim, sem réttur er, verður ekki tekið við sendingunni aftur, nema undir hana sé greitt að nýju. Áframsending annarra þóstsendinga en þeirra, sem að ofan getur, eftir að þær hafa verið afhentar á löglegan hátt, er ekki leyfð.
- 12.5.2. Nú er sending í flutningi áleiðis til ákvörðunarpóststöðvar, og má þá, eftir beiðni viðtakanda, senda hana áfram til hans frá póststöð á leiðinni, ef hægt er að ná sendingunni úr póstinum án óþæginda eða tafar á póstflutningnum. Beri sending eða fylgibréf, ef svo ber undir, áritun á framhlið um, að hana megi senda áfram, skal það tekið til greina.
- 12.5.3. Beiðni um áframsendingu skal vera skrifleg og sendast þeirri póststöð, sem á að framkvæma hana. Í beiðninni skal helst ef hægt er, geta þess, hve langan tíma áframsending til viðtakanda eigi að gilda. Sé enginn tími tilgreindur í beiðninni, gildir hún í næstu þrjá mánuði, talið frá þeim mánuði þegar hún var send, nema hún sé felld niður aftur, eftir beiðni viðtakanda. Skriflega beiðni þarf ekki um áframsendingu almennra bréfaþóstsendinga, sem þegar hafa verið afhentar.
- 12.5.4. Sé um aukaburðargjald að ræða undir sendingu vegna áframsendingar, reiknast það á sama hátt og um getur hér að framan um aukaburðargjöld vegna utanáskriftarbreytingar eða afturköllunar. Þegar sending er send áfram, strikar póststöðin, sem það gerir, yfir hið upprunalega heimilisfang og staðarnafn og skrifar hið nýja í staðinn, og þar hjá orðið „Áframsent“ undirstrikað.
- 12.5.5. Póstávisun — almenna eða síma — má senda áfram póstleiðis eða símleiðis. Sé ávisun send áfram símleiðis, er símskeytagjaldið dregið frá hinni upprunalegu ávisun.
- 12.6. **Áframsending margra bréfaþóstsendinga saman.**
- 12.6.1. Almennar sendingar til sama manns, sem senda skal áfram, má setja í sérstök umslög, sem póst- og símamálastjórnin leggur til, og aðeins má rita á nafn viðtakanda og hina nýju utanáskrift hans. Þá má, þegar fjöldi sendinga er svo mikill, nota poka. Þegar það er gert, skal færa nauðsynlegar upplýsingar á sérstakan merkimiða, sem sé prentaður eins og umslagið.
- 12.6.2. Í áframsendingarumslög eða poka má ekki láta sendingar, sem fara eiga í tollskoðun, né sendingar, sem vegna lögunar sinnar, ummáls eða þyngdar kunna að valda skemmdum.
- 12.6.3. Umslagið eða pokann skal afhenda opið á póststöðinni, sem annast áframsendinguna, svo kostur gefist á að taka viðbótargjald, sem kann að hvíla á sendingunum, sem í því eru, eða þá að tilgreina á sendingunum gjald það, sem taka ber við komu, þegar burðargjaldsviðbótin er ekki greidd. Þegar póststöðin hefur lokið rannsókn, er umslaginu eða pokanum lokað og settur á þau T-stimpill, ef svo ber undir, til þess að gefa til kynna að innheimta

- eigi burðargjald af öllum sendingunum eða einhverju í umslaginu eða pokaum.
- 12.6.4. Við komu til ákvörðunarstaðar má útburðarpóststöðin opna umslagið eða pokann og athuga innihaldið, og innheimtir hún, ef svo ber undir, viðbótar-gjöld þau, sem ekki hafa verið greidd.
- 12.6.5. Almennar bréfastöðsendingar til sjómanna og farþega um borð í sama skipi, eða til fólks á sameiginlegu ferðalagi, má fara með samkv. ákvæðum í 12.6.1. til 12.6.4. Í því tilviki skulu safnumslögin eða merkimiðar pokanna útbúnir með utanáskrift skipsins (skipaafgreiðslunnar eða ferðaskrifstofunnar o. s. frv.), sem þau eiga að afhendast til.
- 12.7. **Fyrirspurn um sendingu.**
- 12.7.1. Heimilt er sendanda póstsendingar eða viðtakanda að gera fyrirspurn um sendingu til pósthjónustunnar, og skal fyrirspurnin rituð á sérstakt eyðublað (ebl. 547, 548 og MP 4), sem póst- og símamálastjórnin gefur út og póststöðvarnar láta af hendi. Sama eyðublað má nota undir margar sendingar, settar í póst samtímis og af sama sendanda til sama viðtakanda á sama ákvörðunarstað. Hafi póstávísun glatast, er hægt að fá eftirrit af henni með því að snúa sér til endurskoðunar póst- og síma, Reykjavík. Beiðni um slíkt eftirrit skal rituð á fyrirspurnareyðublað og afhent á útborgunarpóststöðinni, er sendir það áfram til endurskoðunarinnar með áritun um, að ávísunin hafi ekki verið borguð út. Sé spurst fyrir um póstkröfusingu til útlanda, skal eftirrit af póstkröfuávísuninni fylgja.
- 12.7.2. Fyrirspurn um sendingu má afhenda hvaða póststöð sem er. Sé sú póststöð ekki viðtökupóststöð sendingarinnar, sendir hún fyrirspurnina til viðtökupóststöðvarinnar. Hafi fyrirspyrjandi fengið kvittun fyrir viðtökusendingar þeirrar, er hann spurst fyrir um, skal hún fylgja. Sé spurst fyrir um ábyrgðarsendingu, verðsendingu eða böggul, skal líking af utanáskrift sendingarinnar fylgja fyrirspurninni. Jafnskjótt og lokið er rannsókn, fær fyrirspyrjandi tilkynningu um niðurstöðuna.
- 12.7.3. Undir fyrirspurn um sendingu skal greiða gjald samkvæmt gjaldskrá fyrir pósthjónustu. Þetta gjald er aðeins tekið einu sinni, þótt sama eyðublaðið sé notað undir margar fyrirspurnir, eins og leyft er samkvæmt 12.7.1. Hafi sendandi greitt móttökukvittun fyrir sendingunni, greiðir hann ekkert gjald.
- 12.7.4. Komi í ljós, að fyrirspurn hafi verið gerð vegna mistaka, sem póstmenn eru valdir að, á fyrirspyrjandi rétt á að fá fyrirspurnargjaldið endurgreitt.
- 13.0. **SKAÐABÆTUR, ÁBYRGÐ.**
- 13.1. **Skilyrði fyrir greiðslu skaðabóta.**
- 13.1.1. Fyrir glataðar almennar bréfastöðsendingar eru engar skaðabætur greiddar. Heldur ekki þótt innihaldið glatast að nokkru eða öllu leyti. Fyrir ábyrgðarsendingu, sem glatast, meðan hún er í vörslu pósthjónustunnar, skal greiða sendanda skaðabætur, eins og þær eru ákveðnar í gjaldskrá fyrir pósthjónustu hverju sinni. Glatist eða eyðileggist innihald ábyrgðarsendingar að nokkru eða öllu leyti, á sendandi rétt á skaðabótum, er svari til hins raunverulega tjóns, þó aldrei hærra en þeim, sem ákveðnar eru í gjaldskrá og að því tilskildu, að búið hafi verið um sendinguna á tryggilegan hátt að dómi póst- og símamálastjórnarinnar.
- 13.1.2. Fyrir verðbréf og verðböggla, sem glatast úr vörslu pósthjónustunnar, greiðast sendanda skaðabætur allt að upphæð hins tilgreinda verðs. Glatist eða eyðileggist innihald slíkra sendinga, greiðast skaðabætur, er svara til hins

raunverulega tjóns, þó aldrei hærri en hið tilgreinda verð. Hafi innihaldið verið skjöl, sem hægt er að ógilda, getur póst- og símamálastjórnin sett það skilyrði fyrir skaðabótageiðslu, að eignarréttur, er samsvari upphæð verðskjalanna, sé framseldur henni. Komist upp, að verðið hafi í sviksamlegum tilgangi verið tilgreint herra en það í raun og veru var, skal engar skaðabætur greiða.

- 13.1.3. Þegar póstávisanir, þar með taldar póstkröfuávisanir, hafa verið réttilega innborgaðar á póststöð, ber póstþjónustan ábyrgð á, að upphæðir þeirra komist í hendur réttum viðtakendum eða sendendum á ný, ef ekki tekst að hafa upp á viðtakendum eða þeir neita móttöku. Komi í ljós, að upphæð er fyrir vangá póstþjónustunnar útborguð öðrum en réttum aðila, ber að bæta tjónið að fullu.
- 13.1.4. Glatist sending eða innihald sendingar með áhvilandi póstkröfu, fer um skaðabætur eftir því, hværrar tegundar sendingin er, en aldrei eftir upphæð póstkröfunnar. Hafi póstkröfusending verið afhent, án þess að póstkrafan hafi verið innlest, hefur sendandi rétt til þess að krefjast þess af póst- og símamálastjórninni, að hún greiði sér póstkröfuupphæðina.
- 13.1.5. Almennir böggjar, sem glatast eða eyðileggjast, eru bættir sendendum, sem segir í gjaldskrá fyrir póstþjónustu á hverjum tíma. Glatist innihald þeirra eða eyðileggist, að nokkru leyti eða öllu, á sendandi rétt á skaðabótum, er svari til hins raunverulega tjóns, þó aldrei hærri en þeim, sem ákveðnar eru í gjaldskrá, og að því tilskildu, að um böggulinn hafi verið tryggilega húið að dómi póst- og símamálastjórnarinnar.
- 13.1.6. Sé ábyrgðarsending, verðsending eða böggull með öllu glötuð, á sendandi rétt á að fá burðargjaldið sjálft endurgreitt, en önnur gjöld, svo sem tryggingargjald, ábyrgðargjald o. s. frv. eru ekki endurgreidd. Skaðabætur eru ekki greiddar, þegar skaðinn orsakast af eðli innihaldsins eða af slæmum umbúðum né heldur, þegar sending hefur eigi skaddast að utan á umbúðum eða innsigli. Þó skal bæta þann skaða, sem verður á peningum og verðbréfum, ef fé er talið á viðtökupóststöðinni.
- 13.1.7. Skaðabætur fyrir póstsendingar, samkvæmt ofansögðu, ná aðeins til verðs þess hlutar, sem glatast hefur, eða þeirrar rýrnunar, sem hinir skemmdu hlutir hafa orðið fyrir, en eigi skal bæta ábata- eða afnotamissi, peningaverðfall eða yfir höfuð neinar óbeinar afleiðingar skaðans. Bætur greiðast aldrei vegna þess, að póstsendingum seinki, hver svo sem orsökkin kann að vera.
- 13.1.8. Bætur greiðast því aðeins, að þeirra sé krafist innan árs, frá því að sendingunni var skilað til flutnings, en eigi er skylt að greiða þær fyrir en sex mánuðir eru liðnir frá því póst- og símamálastjórninni var tilkynnt um vanskilin. Nú hafa skaðabætur verið greiddar og sendingin eða innihald hennar kemur í leitirnar, skal þá hlutaðeigandi boðin hún gegn því, að hann endurgreiði skaðabæturnar og burðargjaldið ef svo ber undir.

14.0. BLÖÐ OG TÍMARIT

14.1. Almenn skilyrði.

- 14.1.1. Til þess að njóta sérstakra kjara um burðargjald, umfram það, sem gildir um almennar prentsendingar, verða blöð og tímarit að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- Vera prentuð og gefin út á Íslandi.
- Vera til sölu og áskriftar á almennum markaði.
- Koma út nokkurn veginn reglulega og eigi sjaldnar en einu sinni á ári.

- d) Vera prentuð í a. m. k. 1000 eintökum hverju sinni.
 - e) Hvert eintak vegi eigi meira en 500 grömm.
 - f) Efni blaðsins eða tímaritsins sé almennt, fjölbreytilegt lesefni, eins og tíðkast í blöðum og tímaritum, þ. e. fréttir, greinar, ljóð, ritgerðir, sögur o. s. frv., en ekki t. d. ein saga, ein grein o. s. frv.
 - g) Auglýsingar taki eigi meira en helming af rúmi blaðsins eða tímaritsins.
 - h) Á fyrstu síðu sé prentað áberandi og stóru lettri, heiti blaðsins eða tímaritsins, árgangur og tölublað.
 - i) Í blaðinu eða tímaritinu sé birt nafn og heimili útgefanda, ábyrgðarmanns og ritstjóra, svo og hvar það sé prentað.
- 14.1.2. Ekkert fylgiblað, sem eigi er beinlínis tilheyrandi blaðinu eða tímaritinu, t. d. sérprentaðar auglýsingar má senda með blaðinu eða tímaritinu, jafnvel þótt á sé prentað eða stimplað nafn þess.
- 14.1.3. Rit, gefin út í þeim tilgangi eingöngu að auglýsa eða kynna sérstakar vörur, þjónustu eða viðskiptafyrirtæki, svo sem verðlistar, skrár, kynningarrit o. s. frv. varðandi vörur og þjónustu eins eða fleiri fyrirtækja verða ekki send sem blöð og tímarit.
- 14.1.4. Blaða- og tímaritasendingar til umboðsmanna mega veða allt að 20 kg.
- 14.1.5. Alþingistíðindi, Lögbirtingablað og Stjórnartíðindi má taka til pósthlutnings skv. þessum reglum þótt þau fullnægi ekki að öllu leyti ákvæðum þeirra.
- 14.2. **Innritun.**
- 14.2.1. Blað eða tímarit, sem óskast flutt í pósti gegn hinum sérstöku kjörum um burðargjald, skal innritað hjá póst- og símamálastjórninni. Útgefandi skal um það rita umsókn á sérstöku eyðublaði, þar sem tilgreint skal eftirfarandi:
- a) Nafn blaðsins eða tímaritsins.
 - b) Nafn og heimili útgefanda.
 - c) Nafn og heimili ábyrgðarmanns.
 - d) Útgáfustaður.
 - e) Upplag blaðsins eða tímaritsins.
 - f) Póststöð, þar sem blaðið eða tímaritið óskast póstlagt.
 - g) Útgáfutiðni blaðsins eða tímaritsins.
 - h) Áskriftargjald.
 - i) Lausasöluverð.
 - j) Þyngd hvers eintaks.
 - k) Upplýsingar um það hvort blaðið eða tímaritið óskast flutt:
 - a) beint til áskrifenda eða,
 - b) til umboðsmanna, og hve mörg eintök til hvors.
- Sýnishorn af blaðinu eða tímaritinu skal fylgja með.
- 14.2.2. Innritunargjald skv. gjaldskrá fyrir pósthjónustu skal greiða á viðkomandi pósthönd í fyrsta sinn sem blaðið eða tímariti er skilað til flutnings.
- 14.3. **Flutningur og dreifing.**
- 14.3.1. Blöð og tímarit, sem koma út oftast en einu sinni í viku eru ekki borin út á útgáfustað.
- 14.3.2. Blöð og tímarit, sem koma út oftast en tvisvar í viku skulu flutt á sama hátt og bréfaþóstur, þ. e. eftir fljótustu leið. Önnur blöð og tímarit skulu flutt þannig að kostnaður við flutninginn verði í hófi.

14.4. Burðargjöld.

14.4.1. Burðargjöld fyrir blöð og tímarit eru ákveðin í gjaldskrá fyrir pósthjónustu. Heimilt er að veita fréttablöðum, sem gefin eru út eigi sjaldnar en einu sinni í viku, allt að helmings afslátt frá burðargjaldinu.

14.5. Viðtaka. Umbúnaður.

14.5.1. Blöðum og tímaritum skal skilað á pósthöð röðuðum eftir póstnúmerum (póstdreifingarumdæmum), götum í þéttbýli og sveitabæjum eftir nánari ákvörðun.

14.5.2. Burðargjald skal staðgreitt. Sendandi fær kvittun úr póstkvittunarbók fyrir blöð og tímarit. Sendingarnar eru ekki frimerktar og ekki dagstimplaðar.

14.5.3. Blað eða tímarit skal einvörðungu látið í póst á þeirri pósthöð, sem tilgreind var í umsókninni. Vilji útgefandi skipta um viðtökupósthöð, skal hann sækja um það sérstaklega.

14.5.4. Bláða- og tímaritasendingar skulu útbúnar eftir sömu reglum og gilda um umbúðir prentsendinga. Á umbúðir skal prenta eða stimpla nafn blaðsins eða tímaritsins, árgang, tölublað og útgáfustað ásamt áletruninni „Innritað til pósthutnings“.

14.5.5. Með sérstöku samkomulagi má senda blöð og tímarit án utanáskriftar, ýmist til áskrifenda, skv. sérstakri áskrifendaskrá eða á hvert heimili á tilteknu svæði til kynningar.

15.0. MEÐFERÐ PÓSTS Á VIÐTÖKUPÓSTHÚSI.**15.1. Tölusetningarmiðar.**

15.1.1. Á ábyrgðarsendingar skal líma hvítan miða með nafni viðtökupósthúss, stafnum „R“ og raðtölu. Á verðbréf rauðan miða með stafnum „V“ nafni viðtökupósthúss og raðtölu.

15.1.2. Á almenna böggla og fylgibréf þeirra skal líma hvítan miða með svörtum stöfum og á verðböggla auk þess merkimiðann „Valeur déclarée“.

15.1.3. Miða þessa fá pósthöðvar eftir þörfum. Ábyrgðarmiðar eru í rúllum með 2000 miðum hver, en böggلاميðar í rúllum með 1000 miðum hver. Þar sem því verður við komið skal afgreiðslumaður líma tölusetningarmiðana á sendingarnar þegar í stað við viðtöku þeirra.

15.1.4. Á ábyrgðarsendingar og verðsendingar skal miðinn settur á sendinguna utanáskriftarmegin til vinstri. Miðann má ekki líma yfir frimerki eða aðra álímda miða, og ekki má hann heldur vera beygður yfir brún sendingarinnar.

15.1.5. Böggلاميðinn er í tveimur hlutum, minni hluta, sem líma skal á fylgibréfið á þar til ætlaðan stað, og stærri hluta, sem líma skal á sjálfan böggulinn, vinstra megin út undan nafni ákvörðunarpósthöðvar. Sé utanáskrift á viðbundnum merkiseðli, skal miðinn settur sem næst þeim stað á bögglinum, sem merkiseðillinn er bundinn við. Á merkiseðilinn má ekki líma miðann, nema ekki sé unnt að líma hann tryggilega á sjálfan böggulinn.

15.1.6. Séu fleiri en einn böggull látinn fylgja sama fylgibréfi, skulu miðarnir límdir á fylgibréfið, hver niður undan öðrum í réttri töluröð.

15.1.7. Þess skal gætt, að þeir sendendur, sem tölusetja ábyrgðarsendingar og böggla sjálfir, noti eigi lægra númer en 4000, en númer þar fyrir neðan séu eingöngu til notkunar á pósthöðvunum sjálfum. Á tölusetningarmiða, sem bankar eða aðrar stofnanir nota skv. heimild pósthöðvar til að tölusetja sjálfir sendingar sínar, má fyrir neðan nafn pósthöðvar prenta smáu letri nafn þeirrar stofnunar eða fyrirtækis, sem í hlut á.

15.2. Aðrir miðar.

- 15.2.1. Miða sem pósthöfundur kunna að líma á fylgibréf eða önnur eyðublöð, má ekki líma á afklippinginn. Gæta þarf þess að líma þá ekki yfir áletranir á fylgibréfi eða sendingu.
- 15.2.2. Á hraðboðasendingar skal líma rauðan miða með áletruninni „Exprès”. Sé um böggul að ræða, verður að líma sinn miðann á hvort, böggul og fylgibréf.
- 15.2.3. Á flugpóstsendingar skal líma bláan miða með áletruninni „Flugpóstur — Par avion”. Sé um böggla að ræða, verður að líma sinn miðann á hvort, böggul og fylgibréf.
- 15.2.4. Á póstkrofusendingar skal líma gulan miða, þríhyrndan. Þá láta pósthöfundur einnig í té miða til að líma á brothætta böggla og rúmfreka, sem og sendingar í skipspósti.
- 15.2.5. Á smápakka til útlanda skal líma grænan tollmiða (ebl. C 1) og á alla smápakka hvítan miða með áletruninni „petit paquet — smápakki”.

15.3. Bókfærsla.

- 15.3.1. Í viðtökubók (ebl. 567) skal skrá jafnóðum og í töluröð allar ábyrgðarsendingar, verðsendingar og böggla.
- 15.3.2. Sendendur, sem nota póstkviðtökbækur í tvíriti (ebl. 567 b) og tölusetja sjálfir sendingar sínar, skulu letra raðtölu hverrar sendingar um sig í viðeigandi línu ásamt nafni viðtakanda og pósthöfundur (ákvörðunarstað). Slíkar sendingar eru ekki færðar inn í viðtökubókina, en frumrit viðeigandi blaðsíðu úr póstkviðtökbókinni er síðan geymt, flokkað eftir sendendum.
- 15.3.3. Bókina skal færa eins og form hennar segir til um, og í hana má einungis skrifa með bleki.
- 15.3.4. Innborgaðar pósthávarfarir skal færa á lista yfir innborgaðar pósthávarfarir (ebl. 570), eins og form hans segir til um. Lista þessa skal senda endurskoðuninni á 10 daga fresti. Sérstök bók er fyrir innlendar pósthávarfarir og sérstök fyrir útlendar.
- 15.3.5. Innborgaðar pósthávarfarir skal senda útborgunarpósthúsi með fyrstu ferð sem fellur. Nota skal hin sérstöku umslög, sem til þess eru ætluð (ebl. 535).

15.4. Notkun dagstimpils.

- 15.4.1. Allar pósthöfundur, að undanskildum innrituðum blöðum og tímaritum og fjöldasendingum, skal stimpla á viðtökupósthöfundur með dagstimpli, er sýni nafn pósthöfundur og viðtökudag sendingarinnar. Sendingar, frimerktar með frímerkingarvél, þarf þó ekki að dagstimpla, nema hin áprentaða dagsetning sé röng.
- 15.4.2. Stimpla skal með dagstimpli öll íslensk frímerki, sem á sendingunni kunna að vera, nema ógild séu, hvort sem til þess þarf eina stimplun eða fleiri. Stimpillinn þarf ekki að þekja nema um þriðja hluta hvers frímerkis.
- 15.4.3. Eftirtaldar aðkomnar pósthöfundur skal dagstimpla á bakhlið (pósthöfundur á framhlið hægra megin): Sendingar skakkt sendar og sendar áfram, óskila-sendingar, hraðboðasendingar, poste restante sendingar, ábyrgðarsendingar og verðsendingar. Auk þess skal stimpla pósthöfundur við komu í viðeigandi reit. (Komustimpill).
- 15.4.4. Gæta skal þess að stimplar séu hreinir og sýni réttan dag.
- 15.4.5. Skipsbréf, þ. e. bréf, sem pósthöfundur hafa verið um borð í skipi á rúmsjó, skal dagstimpla á því pósthúsi, sem bréfin fær til áframflutnings. Jafnframt skal letra eða stimpla á bréfin orðið „paquebot”.

16.0. MILLIVÍÐSKIPTI PÓSTSTÖÐVA INNANLANDS.**16.1. Póstsendingaskrá.**

- 16.1.1. Sérhverjum póstflutningi (afgreiðslu) skal fylgja póstsendingaskrá (ebl. 517), sem er í heftum þannig, að afrit skrárinnar verður eftir í heftinu, en frumritið skal senda með póstflutningnum.
- 16.1.2. Skrárnar skal tölusetja í áframhaldandi töluröð yfir árið fyrir hvert ákvörðunarpósthús um sig. Á fyrstu skrá ársins skal að auki tilgreina tölu síðustu skrár ársins á undan, t. d. 150/1.
- 16.1.3. Áður en færslan hefst, skal dagstimpla skrána og fylla út haus hennar, eins og hinn prentaði texti segir til um.
- 16.1.4. Á skrána skal færa nöfn viðtakenda og númer á hverju ábyrgðarbréfi og verðbréfi. Greina skal tilgreint verð. Á sama hátt skal farið með alla böggla. Séu lausir bögglar í afgreiðslu skal þess getið í athugasemdadálki. Í athugasemdadálki skal geta þess, ef póstkrafa hvílir á einhverri sendingunni, eins ef hún á að berast út með hraðboða eða er endursend. Þess skal og getið á skránni, ef almennar hraðboðasendingar eru.

16.2. Skrárumslag.

- 16.2.1. Skráin er, að færslu lokinni, sett í skrárumslag, ásamt ábyrgðarbréfum, verðbréfum, hraðboðasendingum og bögglaflýgibréfum. Bera skal saman sendingar og færslur, og skulu tveir starfsmenn annast þann samanburð, sé þess kostur. Undirrita þeir síðan skrána báðir.
- 16.2.2. Séu sendingar þær, sem um getur í 16.2.1., fleiri en svo, að þær komist í skrárumslagið, skal pakka þeim vandlega inn í sterkan pappír, sem síðan skal krossbinda og innsigla með plombu. Í skrárumslaginu skulu þá aðeins vera, auk skrárinnar sjálfar, hugsanlegar hraðboðasendingar.
- 16.2.3. Skrárumslagið og verðbréfastöð, ef svo ber undir, skal setja í verðpóstpoka, rauðan að lit. Almennar sendingar skal auk þess setja í verðpokann, ef þær eru einungis fáar. Fyrir pokann skal síðan rammlega bundið og í fyrirbandið fest merkispjald, rautt að lit, sem á skal letrað bæði nafn sendi- og ákvörðunarpóststöðva. Að lokum skal innsigla pokann með plombu.

16.3. Póstflutningsskrá.

- 16.3.1. Áður en póstflutningur er fenginn póstflytjanda, skal vega póstinn og fylla út póstflutningsskrá í jafn mörgum eintökum og ákvörðunarpóststöðvar eru, auk eins fyrir sendipóststöðina og eins fyrir flytjanda, líkt og form hennar segir til um, ebl. 525a fyrir skips- og bílpóst, en ebl. 525b fyrir flugpóst. Jafnframt er pósturinn færður inn í póstabók (ebl. 588). Póstflytjandi skal kvitta fyrir móttöku póstflutnings á eitt eintak skrárinnar, sem sendipóststöð skal geyma vandlega.
- 16.3.2. Þegar póstflytjandi hefur tekið við póstflutningi, telst hann ábyrgur fyrir honum og er skyldur til að bæta allt tjón og tap, er hljótast kann, meðan á flutningi stendur.
- 16.3.3. Póstflytjandi afhendir ákvörðunarpóststöð póstflutninginn ásamt tveimur eintökum póstflutningsskrárinnar. Þegar ákvörðunarpóststöðin hefur fullvissað sig um, að móttékinn póstflutningur sé í samræmi við það, sem á skrána er letrað og ásigkomulag hans sé óaðfínanlegt, fær það póstflytjanda annað eintak skrárinnar undirritað, en heldur hinu, sem geyma skal vandlega.

16.4. Leiðréttingarskýrsla.

16.4.1. Reynist vanta þoka, lausan böggul eða bréfaumslag, skal gera athugasemd þar að lútandi á skrána og taka skýrslu af pósthlytjanda. Jafnframt skal síma til sendipóststöðvarinnar og tilkynna um vöntunina. Símtalið skal sömuleiðis staðfest í leiðréttingarskýrslu (ebl. 538), sem senda ber í ábyrgð með fyrstu pósthferð.

Bæði sendi- og ákvörðunarpóststöð skulu þegar í stað gera allar hugsanlegar ráðstafanir til þess að finna það, sem vantaði, t. d. skal hafa samband við alla viðkomustaði pósthlytjandans. Reynist allt þetta árangurslaust, skal leita aðstoðar lögreglu og pósth- og símamálastjórninni send skýrsla um málið.

16.5. Upptaka pósts.

16.5.1. Tveir starfsmenn skulu standa að því sameiginlega að taka upp póst, svo framarlega sem það er unnt. Fyrst skulu þeir ganga úr skugga um, að fyrirböld og innsigli séu eins og vera ber, en opna síðan verðpóstpokann og bera innihald hans saman við skrána, eftir því sem við á, og að auki fylgibréf við böggla. Að þessum samanburði loknum, kvitta þeir á skrána og fullvissa sig jafnframt um, að rétt númer sé á henni, miðað við næstu skrá á undan frá sömu sendipóststöð. Reynist svo ekki vera, skal senda leiðréttingarskýrslu til sendipóststöðvar.

16.5.2. Komi í ljós, að sendingar vanti, gleymst hafi að færa þær á skrána, þær hafi skaddast eða eyðilagst eða um ónákvæmni í innfærslu sé að ræða, skal útbúa leiðréttingarskýrslu til handa sendipóststöð. Séu skemmdir slíkar, að ætla megi, að innihald vanti að einhverju eða öllu leyti, skal kveðja viðtakanda til að gera skýrslu um málið, sem sendist pósth- og símamálastjórninni.

16.5.3. Við upptöku á pósti skal vanda öllum pokum þannig, að tryggt sé að engar sendingar verði eftir í þeim.

16.5.4. Alla tóma pósthpoka, sem ekki þarf að nota, skal senda Pósthstofunni í Reykjavík.

16.6. Magnskráning.

16.6.1. Pósth- og símamálastjórnin getur ákveðið, sem undantekningu frá 16.1.4., að í viðskiptum tiltekinna pósthstöðva skuli ábyrgðarsendingar eða bögglar ekki færast hvert fyrir sig á skrána, heldur aðeins fjöldi þeirra. Skal þá rita heildartöluna á skrána og draga hring um hana, t. d. Áb. 32. Ábyrgðarsendingar og bögglar, sem fara eiga til annars ákvörðunarstaðar en afgreitt var til skal þó ævinlega færa eina og eina, svo sem í 16.1.4. segir. Sama gildir um endursendar ábyrgðarsendingar og böggla.

17.0. MEÐFERÐ PÓSTS Á ÁKVÖRÐUNARPÓSTSTÖÐ.**17.1. Bókfærsla.**

17.1.1. Ábyrgðarsendingar, verðbréf og bögglar og almennir bögglar skulu bókfærast í móttökubók (ebl. 538) þegar við komu eða þegar stimplun er lokið, eins og form bókarinnar segir til um. Í bækur þessar skal skrifa með bleki. Viðtakendur sendinga þessara kvitta í móttökubókina fyrir móttöku þeirra, nema um sé að ræða böggla, þá á fylgibréfin.

17.1.2. Hvíli pósthkrafa á ofangreindum sendingum, skal að auki færa þær í pósthkröfubók (ebl. 572), eins og form hennar segir til um. Jafnóðum og kröfur

eru leystar inn (eða endursendar óinnleystar), skal rita dagsetninguna, þegar þær eru innleystar (endursendar).

- 17.1.3. Allar þessar sendingar skulu tölusetjast með svonefndu komunúmeri, í áframhaldandi röð fyrir hverja tegund sendingar og hvern mánuð.
- 17.1.4. Póst- og símamálastjórnin getur heimilað, að ábyrgðarsendingar og almennir böggjar séu ekki færðir í móttökubók. Viðtakendur ábyrgðarsendinga kvitta fyrir móttöku sendinganna á tilkynningareyðublöðin (ebl. 583), sem svo geymast á sama hátt og kvittuð fylgibréf, eftir afhendingardögum og í staf-rófsröð viðtakenda.
- 17.1.5. Fylgibréf skulu geymd á tryggan hátt í eitt ár, en sendast síðan til endurskoðunar pósts og síma.
- 17.1.6. Póstávisanir skulu að útborgun lokinni færast á lista yfir útborgaðar pósta-ávisanir (ebl. 534b), sem sendist endurskoðun pósts og síma á 10 daga fresti.

17.2. Skaddaðar póstsendingar.

- 17.2.1. Hafi umbúðir almennrar bréfaþóstsendingar eða ábyrgðarsendingar opnast eða skaddast þannig, að ná megi til innihaldsins, skal búa um sendinguna á ný í gegnsætt umslag eða með límræmu, sem á skal letra eða stimpla nafn póststöðvar og að búið hafi verið um sendinguna að nýju.
- 17.2.2. Séu peningar eða verðmæti í sendingunni og ná megi til þeirra, skal viðkomandi starfsmaður kalla til annan starfsmann til þess að vera vitni. Skulu þeir í sameiningu kanna innihaldið og skrá niðurstöðu þeirrar athugunar utan á umbúðirnar, er þeir hafa búið um hana á ný. Hafi verið um almenna bréfaþóstsendingu að ræða, skal hún send áfram í ábyrgð og viðtakandi krafinn um ábyrgðargjald.
- 17.2.3. Böggjar, sem bera merki þess að innihaldið hafi skemmst í flutningi, skulu teknir til viðeigandi meðferðar og umbúnir á ný, ef þörf krefur. Letra skal á þá athugasemd þar að lútandi.
- 17.2.4. Beri póstsending ótvíræð merki þess, að frimerki hafi dottið eða verið tekið af henni, skal hún, án tillits til þess, hvort frimerki þau, sem eftir eru, sýni nægjanlegt burðargjald eða ekki, áletruð athugasemd um það.
- 17.2.5. Komi verðsending eða ábyrgðarsending til ákvörðunarpóststöðvar öðruvísi útbúin en fyrir er mælt, ber að gera viðtakanda aðvart um það á tilkynningunni um sendinguna. Sama gildir og, ef umbúðir eru skaddaðar til muna, eða innsigli skaddað eða rofið.
- 17.2.6. Óski viðtakandi þess, að sending sé athuguð, er póstmaður sá, er afhendir sendinguna, skyldur til að vera viðstaddur meðan verið er að rannsaka hinn ytri umbúnað hennar. Séu umbúðir skaddaðar eða beri merki þess, að innihaldið hafi skaddast, getur viðtakandi krafist þess, að póstmaður sé viðstaddur, meðan sendingin er opnuð og innihaldið rannsakað, en það verður að gerast á póststöðinni um leið og sendingin er afhent.
- 17.2.7. Þegar um er að ræða verðsendingu, sem á er ritað, að talið hafi verið í viðtöku, getur viðtakandi krafist, að póstmaður sá, er afhendir sendinguna, sé viðstaddur meðan talið er í henni, enda sé það gert á póststöðinni samtundis og afhending fer fram. Sjáist engar skemmdir á sendingu eða sé um að ræða verðsendingu, sem ekki hefur verið talið í af póstmanni við viðtöku, mega póstmenn ekki vera viðstaddir, þegar innihaldið er rannsakað.

18.0. **Framkvæmd og gildi reglugerðarinnar.**

18.1. Reglugerð þessi er sett samkvæmt 26. grein póstlaga nr. 31/1940 til að öðlast þegar gildi.

Brot gegn reglugerðinni varða sömu viðurlögum og brot gegn póstlögum.

Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 170 um notkun pósts frá 17. september 1963 og allar síðari breytingar.

Samgönguráðuneytið, 6. ágúst 1976.

Halldór E. Sigurðsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

Nr. 338.

30. ágúst 1976.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Barböru Árnason, til styrktar íslenskum myndlistarmönnum, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 30. ágúst 1976.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Barböru Árnason,
til styrktar ísl. myndlistarmönnum.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður með einni milljón króna af fé því, sem inn kom á yfirlitssýningu á verkum hennar, sem haldin var á Kjarvalsstöðum 26. júní til 20. júlí 1976.

2. gr.

Höfuðstólinn má aldrei skerða, heldur skal vöxtum hans varið til styrktar einum listamanni ár hvert. Fjár til sjóðsins skal aflað með sölu minningarspjalda o.fl.

3. gr.

Úthlutun fer fram á afmæli listakonunnar 19. apríl. Úthlutun fer þannig fram, að dregið skal á milli þeirra, sem um styrkinn sækja hverju sinni. Æskilegt væri að sjóðurinn efldist svo, að tveir listamenn gætu hlotið styrkinn árlega. Það vakti fyrir sjóðsstofneendum, að styrkurinn væri notaður til utanfarar, en þó skal styrkþega heimilt að nota hann eins og honum best líkar.

4. gr.

Þeir af styrkþegum, sem vilja, geta látið listaverk af hendi rakna, sem síðar yrði selt til eflingar sjóðnum; en þetta er engin kvöð.

5. gr.

Sjóðsstjórnina skipa Magnús Á. Árnason, Vífill Magnússon og formaður Félags íslenskra myndlistarmanna. Að Magnúsi frá föllnum skal listfræðingur Kjarvalsstaða taka sæti í stjórn hans, og að Vífli frá föllnum forseti Bandalags íslenskra listamanna.